

ÚT FYRIR BOXIÐ

Hvernig efla má sjálfstraust stelpna
og vinna gegn hamlandi staðalmyndum
í lífi barna og ungmenna
á skapandi og árangursríkan hátt



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

maí 2014

*„Börnum og unglíngum sé
veitt hvatning til að rækta
hæfileika sína og persónuþroska,
án hamlandi áhrifa
hefðbundinna kynjaímynda.“*

Úr Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, 2.3.2.

Fulltrúar í starfshópi

Oddný Sturludóttir, skóla- og frístundaráð.

Eva Einarsdóttir, skóla- og frístundaráð.

Sóley Tómasdóttir, skóla- og frístundaráð.

Árni Guðmundsson, skóla- og frístundaráð.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, fulltrúi frístundamiðstöðva.

Guðbjörg Magnúsdóttir, fulltrúi þjónustumiðstöðva.

Póra Jóna Jónatansdóttir, fulltrúi stjórnenda leikskóla.

Árni Freyr Sigurlaugsson, fulltrúi stjórnenda grunnskóla.

Bryndís Jónsdóttir, SAMFOK.

Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun.

Nanna Kristín Christiansen, skóla- og frístundasvið.

Elísabet Helga Pálmadóttir, skóla- og frístundasvið.

Guðrún Edda Baldursdóttir, skóla- og frístundasvið.

Ritstjóri skýrslunnar er Auður Magndís Auðardóttir, verkefnastjóri Jafnréttisskólans á skóla- og frístundasviði.

Útdráttur

Hér verður farið stuttlega yfir efni fjögurra meginkafla skýrslunnar.

Inngangur og forsagan bls. 7

Þessi skýrsla er afrakstur vinnu starfshóps um líðan stelpna og hamlandi áhrif staðalmynda í lífi stelpna og stráka. Eitt af verkefnum starfshópsins var að leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum staðalmynda kynjanna á stelpur og stráka og stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu fagfólks og foreldra um málefnið. Starfshópurinn stóð fyrir tilraunaverkefni í þremur skólum og einni frístundamiðstöð um fræðslu um staðalmyndir kynjanna í samstarfi við RannKyn; Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun.

Staðalmyndir og kynjakerfið bls. 17

Að mörgu þarf að huga þegar skoða á áhrif staðalmynda kynjanna á líf fólks og mögulegan þátt þeirra í vanlíðan stelpna á unglingsaldri. Þessum kafla er ætlað að upplýsa um ýmsar birtingamyndir kynjakerfisins í lífi unglinga og annarra. Meðal annars er fjallað um staðalmyndir og útlit, viðhorf unglinga, hvernig við töpum öll á kynjakerfinu, fullorðið fólk sem mikilvægar fyrirmyndir, áhrif kláms og klámvæðingar, hinsegin stelpur, fatlaðar stelpur og stelpur með kvíðaraskanir.

Hugmyndir og kveikjur bls. 28

Vinna má gegn staðalmyndum á ótal marga vegu. Hér eru settar fram margvíslegar hugmyndir um hvernig má kveikja umræður um stöðu kynjanna og heftandi staðalmyndir á heimilum, í skólum og í frístundastarfi. Lítið yfir listann og látið hugmyndaflugið ráða! Hvaða leið gæti verið gagnlegt að prófa í þínu umhverfi?

Tilraunaverkefni um staðalmyndir í þremur skólum og einni frístundamiðstöð bls. 33

Starfshópurinn stóð fyrir tilraunaverkefni um fræðslu um staðalmyndir kynjanna fyrir börn á miðstigi. Þrír skólar og ein frístundamiðstöð tóku þátt í verkefninu. Starfsfólk og kennarar fengu fræðslu um staðalmyndir og jafnréttismál sem þau miðluðu til barnanna á margvíslegan hátt. Niðurstöður úr mati á árangri verkefnisins gefa til kynna að verkefnið hafi dregið úr íhaldssemi þeirra barna sem fengu fræðslu samanborið við börn í viðmiðunarskóla.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	7
	Fjórar mikilvægar stoðir.....	7
2.	Starfshópurinn, hlutverk og verkefni.....	8
	Helstu verkefni starfshópsins	15
3.	Staðalmyndir og kynjakerfið.....	17
	En hvað eru staðalmyndir?	17
	Staðalmyndir um útlit	18
	Frelsi til að velja	19
	Kynjað barnaefni.....	19
	Gildi kvenleika og karlmennsku	20
	Allir tapa á kynjakerfinu.....	21
	Hinir fullorðnu og staðalmyndirnar	22
	Hefur kyn kennara áhrif?	23
	Áhrif kláms og klámvæðingar	24
	___ Hvað er klám?	24
	___ Áhorf barna og ungmenna á klám	24
	___ Klámvæðing	24
	___ Áhrif kláms og klámvæðingar á líðan stelpna og stráka	25
	Stelpur á jaðrinum	26
	___ Hinsegin stelpur	26
	___ Fatlaðar stelpur.....	26
	Unnið með kvíðnum stelpum	27
4.	Hugmyndir og kveikjur að leiðum.....	28
	Hvað með að... ..	28
5.	Tilraunaverkefni um staðalmyndir í Miðborg og Hlíðum	33
	Fjölbreyttar leiðir	33
	Dæmi um verkefni og leiðir	34
	Mikilvægi starfsfólks sem fyrirmynda.....	34
	Sívertsen vagnstjóri í bleikum kjól	35
	Tækifærin í frístundastarfinu	35
	Vakandi og síkvik umræða	35
	Niðurstöður mats á árangri verkefnisins	36

6. Ítarefni	41
Heimildir	42
VIÐAUKAR.....	46
Viðauki 1 – yfirlit yfir gesti starfshópsins og erindi þeirra.....	47
Viðauki 2 – Heildarniðurstöður mats á tilraunaverkefni.....	51
Viðauki 3 – Spurningalisti vegna mats á tilraunaverkefni	63

1. Inngangur

Þessi skýrsla er afrakstur vinnu starfshóps um líðan stelpna og hamlandi áhrif staðalmynda í lífi stelpna og stráka. Starfshópur um líðan stelpna tók til starfa í byrjun árs 2013. Áður hafði stefnumótun skóla- og frístundaráðs um stráka og námsárangur dregið skýrt fram þann mikla mun sem er á líðan stráka og stelpna, sérstaklega eftir því sem leið á unglingsárin.¹

Skýrslan er í senn kynning á verkefnum starfshópsins, mælingum og rannsóknum á líðan stelpna, fræðsla og umfjöllun um staðalmyndir frá ólíkum hliðum. Þá er hún hugmyndabanki um leiðir til að stuðla að uppbroti heftandi staðalmynda í lífi barna og ungmenna.

Starfshópurinn fékk til sín marga góða gesti til að fjalla um viðfangsefnið frá ólíkum hliðum. Þeim eru öllum færðar bestu þakkir, sem og þátttakendum í tilraunaverkefni í frístundamiðstöðinni Kampi og grunnskólunum í Miðborg og Hlíðum. Listi yfir gesti og útdráttur úr fundargerðum hópsins eru í viðauka 1.

Það er von starfshópsins að efni skýrslunnar varði veginn í starfi skóla- og frístundasviðs næstu misserin. Eitt mikilvægasta verkefni samtímans er að byggja upp sjálfsöruggar stelpur og stráka, frjáls undan hamlandi áhrifum kynjaímynda sem birtast í ótal afbrigðum, allt um kring. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs, foreldrar og fjölskyldur barna og ungmenna eru bandamenn í því verkefni.

Fjórar mikilvægar stoðir

Leiðarljós skóla- og frístundastarfs til að efla sjálfstraust og sporna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda á börn og ungmenni verða ekki til í tómarúmi. Jafnréttisstarf í skólum og frístundastarfi byggir á minnst fjórum stoðum; *Jafnréttislögum* landsins, *Mannréttindastefnu* Reykjavíkurborgar, *Aðalnámskrám* leik- og grunnskóla og *Barnasáttmála* Sameinuðu þjóðanna.

Í jafnréttislögum kemur m.a. fram að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á öllum skólastigum og í öllu íþrótt- og tómstundastarfi. Það hvílir því lagaskylda á herðum starfsfólks í skóla- og frístundastarfi að taka mið af þörfum allra kynja í

¹ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2011).

öllu starfi sínu. Einnig er í jafnréttislögum tekið fram að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum.²

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er mikilvæg viðbót við landslög. Þar kemur fram að í öllu uppeldis- og tómstundastarfi skuli börnum og unglingum veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Þá er sérstaklega tekið fram að í starfinu skuli styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglinga.³

Í almennum hluta aðalnámskrár er tekið fram að jafnréttismenntun vísi í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis og að á öllum skólastigum skuli fara fram menntun til jafnréttis.

Að endingu má nefna að í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er tekið fram að öll börn skulu njóta réttinda hans án tillits til kyns.⁴

2. Starfshópurinn, hlutverk og verkefni

Hlutverk starfshópsins eru eftirfarandi:

- a) *Að greina helstu ástæður fyrir vanlíðan stelpna í skólum og leita leiða til að bregðast við þeim niðurstöðum.*
- b) *Að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu fagfólks skóla- og frístundasviðs*
- c) *Að stuðla að upplýstri umræðu foreldra um áhrif staðalmynda kynjanna.*
- d) *Að greina áhrif staðalmynda kynjanna á stelpur og stráka og leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.*

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig unnið hefur verið að þessum markmiðum.

- a) ***Að greina helstu ástæður fyrir vanlíðan stelpna í skólum og leita leiða til að bregðast við þeim niðurstöðum.***


² Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 10/2008.

³ Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar grein 2.3.2.

⁴ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 1. grein.

Niðurstöður mælinga *Skólapúlsins* sem gerðar voru veturinn 2013-14 sýna neikvæða þróun á sjálfsmynd og líðan stelpna frá 5. bekk – 10. bekkjar (sjá myndir 1-6). Þetta er í samræmi við eldri gögn úr *Skólapúlsinum*⁵ og erlendar rannsóknir sem sýna samskonar kynjamun í líðan og sjálfsáliti⁶. Nær allt efni skýrslunnar vísar með einum eða öðrum hætti að leiðum til að skýra og bregðast við þessari þróun. Fjölmargir sérfræðingar komu á fund starfshópsins og hneig málf lutningur þeirra flestra að því að staðalmyndir, kynþroskinn og klámvæðing spilaði stórt hlutverk í minna sjálfáliti unglingsstúlkna, áhyggjum þeirra og kvíða⁷ og tekur skýrsla þessi því meðal annars til þessara þátta. Sýnt er fram á tengsl þeirra við líðan stúlkna og vitnað í fjölda rannsókna sem styðja þau tengsl í meginmáli þessarar skýrslu.

Gögn *Skólapúlsins*⁸ sýna að stelpum líður verr en strákum, sérstaklega þegar kemur fram á unglingsár. Sjálfsáliti stelpna minnkar mjög þegar líður á unglingsárin á meðan sjálfsáliti stráka eykst. Munurinn sem sést á myndum 1-5 er í öllum tilfellum marktækur.



Mynd 1: Sjálfsáliti stelpna og stráka í 6. – 10. bekk.⁹

⁵ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2011).


⁶ Sjá t.d. Lagerström, M. og Myrin, B. (2008).

⁷ Í viðauka 1 má sjá lista yfir gesti starfshópsins og erindi þeirra

⁸ Gögnin eru byggð á svörum 3385 nemenda í 6.- 10. bekk í grunnskólum borgarinnar og var safnað veturinn 2013-14.

⁹ Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Sjálfsáliti er mælt með hinum svokallaða Rosenberg kvarða sem aðlagður hefur verið að stöðlunarúrtaki *Skólapúlsins*. Íslenska


Kvarðinn *sjálfsálit* er búinn til úr níu fullyrðingum sem nemendurnir taka afstöðu til. Til að varpa skýrara ljósi á hvað býr að baki mælingu á sjálfsáliti er ágætt að skoða tíðni þeirra sem eru sammála eða ósammála tilteknum fullyrðingum innan kvarðans. Mynd 1 sýnir að sjálfálit stelpna og stráka er svipað fram að 7. bekk en þá skilur að og sjálfsálit stúlkna lækkar. Myndir 2-4 sýna þrjár þeirra fullyrðinga sem mynda kvarðann „sjálfsálit. Ein fullyrðinganna sem nemendur eru beðnir um að taka afstöðu til er „Mér finnst ég misheppnuð/aður“.



Mynd 2. Hlutfall nemenda sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „mér finnst ég misheppnuð/aður“ greint eftir kyni og bekk.


Mynd 2 sýnir að stelpur eru nokkuð líklegri til að vera sammála því að þeim finnst þær misheppnaðar þegar komið er fram í 10. bekk. Fram að þeim tíma er munurinn lítill.

Önnur fullyrðing sem nemendurnir voru beðnir um að taka afstöðu til var: Ég hef jákvætt viðhorf til sjálfrar mín/sjálfs míns.




Mynd 3. Hlutfall nemenda sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „ég hef jákvætt viðhorf til sjálfrar mín/sjálfs míns“ greint eftir kyni og bekk.

Mynd 3 sýnir að mun færri stelpur í 10. bekk hafa jákvætt viðhorf til sín miðað við stráka. Einnig að í 6. og 7. bekk er munurinn á kynjunum lítill en eykst til muna þegar á unglingsaldurinn er komið.



Mynd 4. Hlutfall nemenda sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „stundum finnst mér ég einskis virði“ greint eftir kyni og bekk.


Sláandi líkt munstur kemur fram í viðhorfum til fullyrðingarinnar „stundum finnst mér ég einskis virði“. Stelpur eru mun líklegri en strákar til að vera sammála þeirri fullyrðingu og yfir 40% þeirra segjast sammála henni þegar í 10. bekk er komið, samanborið við um 20% stráka.



Mynd 5. Vellíðan¹⁰ greind eftir kyni og bekk.

Mynd 5 sýnir að vellíðan stelpna minnkar eftir því sem þær eldast, sérstaklega þegar þær koma í 10. bekk. Vellíðan stráka eykst aftur á móti lítillega. Ein af þeim spurningum sem notuð er til að mæla vellíðan er hversu oft daginn áður nemendur hafi verið áhyggjufullir.

¹⁰ Vellíðan er mæld með því að spyrja hversu of nemendur upplifðu tíu gerðir tilfinninga deginum áður. Kvarðinn er staðlaður með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2.



Mynd 6. Hlutfall nemenda sem segist hafa fundið fyrir áhyggjum oft, mjög oft eða allan daginn greint eftir kyni og bekk.

Á ný eru kynin jöfn hvað varðar áhyggjur í 6. bekk en þegar í 10. bekk er komið er hlutfall stráka sem finnur fyrir áhyggjum ennþá um 12%. Hlutfall stelpna hefur hins vegar aukist í 33%.

Á myndum 1-6 má glöggst sjá þá tölfræði sem liggur til grundvallar vinnu starfshópsins. Líðan stúlkna er talsvert verri en líðan drengja og hún versnar eftir því sem líður á unglingsárin. Allt efni sem sett er fram í þessari skýrslu fjallar með einum eða öðrum hætti um þessa staðreynd, ástæður og leiðir til úrbóta.

Önnur verkefni starfshópsins eru þessi:

b) Að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu fagfólks skóla- og frístundasviðs

Á meðan starfshópurinn starfaði, eða í desember 2013, samþykkti borgarstjórn að setja á laggirnar *Jafnréttisskólann*. Stuttu síðar var ráðinn til starfa verkefnisstjóri jafnréttisfræðslu í skóla- og frístundastarfi, Auður Magndís Auðardóttir. Sú ákvörðun hleypti miklum krafti í fræðslu og umræðu á sviðinu. Verkefnisstjórinn hefur á fyrsta starfsvetri sínum haldið yfir 10

fræðsluerindi fyrir um 500 stjórnendur og starfsfólk á skóla- og frístundasviði og veitt ráðgjöf við aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir starfsstaða, svo fátt eitt sé nefnt.

Í haustsmiðjum kennara í ágúst 2013 var málstofa um verkefni starfshópsins sem var mjög vel sótt af grunnskólakennurum.

c) Að stuðla að upplýstri umræðu foreldra um áhrif staðalmynda kynjanna.

Bryndís Jónsdóttir fulltrúi SAMFOK, samtaka grunnskólaforeldra hefur tekið þátt í starfi starfshópsins af miklum krafti. Með því samstarfi hefur verið lagður góður grunnur að frekara starfi með heildarsamtökum foreldra beggja skólastiga. Verkefnastjóri Jafnréttisskólans hyggst nýta veturinn 2014-2015 til að skilgreina með samtökum foreldra árangursríkar aðferðir til að vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda kynja og efla umræðu meðal foreldra.

Í fréttabréfi skóla- og frístundasviðs sem sent var öllum foreldrum í Reykjavík á vorönn 2014 voru verkefni starfshópsins til umfjöllunar.

Foreldrar í þeim skólum sem þátt tóku í tilraunaverkefni um staðalmyndir voru vel upplýstir um viðfangsefnið. Ýmis umfjöllun fjölmiðla hefur einnig vakið athygli á þessari vinnu skóla- og frístundasviðs.

d) Að greina áhrif staðalmynda kynjanna á stelpur og stráka og leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Nær öll leiðarljós skýrslunnar víkja með einum eða öðrum hætti að leiðum til að skýra og bregðast við neikvæðum áhrifum staðalmynda, sjá sérstaklega umfjöllun á bls. 17-27 um staðalmyndir og útlit, kvenleika og karlmennsku, kynjakerfið, klám og klámvæðingu og stelpur á jaðrinum.

Helstu verkefni starfshópsins

a) Að vinna í samstarfi við Rannkyn (rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun), 2 - 3 grunnskóla og frístundamiðstöð að þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að bættri líðan stúlkna og aukinni vitund um áhrif staðalmynda.

Tilraunaverkefnið stóð yfir veturinn 2013-2014 í Miðborg og Hlíðum. Því er nánar lýst á bls. 33-40 sem og helstu niðurstöðum mælinga í kjölfar verkefnisins.

b) Að stuðla að þróunarverkefni í leikskólum, sem hefur það að markmiði að stuðla að bættri líðan stúlkna og aukinni vitund um áhrif staðalmynda kynja.

Skóla- og frístundasvið hefur sótt um veglegan þróunarstyrk til Evrópusambandsins, í samstarfi við franska og belgíska aðila, til þróunarverkefnis í leikskólum sem miðar að sama marki. Niðurstöður umsóknarinnar liggja fyrir í ágúst 2014.

Leikskólar hafa tekið afar vel í fræðslu verkefnisstjóra Jafnréttisskólans og ljóst að góður jarðvegur er að verða til fyrir margvísleg þróunarverkefni á leikskólastiginu.

c) Rýna hvort felist mismunur í greiningu og úrræðum við stráka og stelpur

Skóla- og frístundaráð samþykkti árið 2013 að úthlutanir til barna/nemenda á grundvelli fötlunar yrðu rýndar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar að leiðarljósi. Í febrúar 2014 voru kynntar niðurstöður teymis sem skoðaði úthlutun fjármagns til skóla vegna barna með skilgreindar fatlanir/alvarlegar raskanir út frá kynjasjónarmiðum. Markmiðið var að greina hvort núverandi staða, m.t.t. stefnu og útdeilingu fjármagns Reykjavíkurborgar, stuðli að jafnrétti kynja eða ekki. Niðurstöðurnar sýndu fram á kynjamun í úthlutun, 75% til stráka á móti 25% til stelpna. Þessi munur er í samræmi við faraldsfræði fatlana héraendis¹¹. Samantekt á upplýsingum OECD-ríkjanna sýna einnig að strákar eru í meirihluta þegar kemur að greiningum fötlunar¹².

Skóla- og frístundaráð samþykkti í kjölfar þessa að rýna frekar kynjahlutfall vegna úthlutunar fjármagns til stuðnings við börn með vægari raskanir og bera saman við almenna úthlutun til stuðnings í leiks- og grunnskólum. Ef ákvörðun verður tekin um að skoða faraldsfræði greininga með tilliti til kynjamunar, þá er ljóst að óska þyrfti eftir samstarfi við sérfræðipjónustu þjónustumiðstöðvanna, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (GRR), Barna- og unglingageðdeild (BUGL) og Proska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar (PHS).

d) Að vekja athygli á málefnum m.a. með málþingi og nýta þau tækifæri sem gefast til fræðslu og umræðu kennara og frístundaráðgjafa.

¹¹ Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. (2013).

¹² OECD. (2006).

Tilkoma verkefnisstjóra Jafnréttisskólans hefur skipt sköpum í því að efla jafnréttisfræðslu og umræðu um hamlandi áhrif staðalmynda á börn og ungmenni.

Þann 4. júní 2014 stendur skóla- og frístundasvið fyrir málþingi um staðalmyndir og líðan stelpna í samstarfi við embætti Landlæknis og Jafnréttisstofu. Þar mun Dana Edell, framkvæmdastjóri Spark hreyfingarinnar (www.sparkmovement.org), halda erindi. Hún mun einnig leiða tvær vinnustofur með starfsfólki SFS þar sem rætt verður um hvernig valdefla megi unglingsstelpur til að takast á við klámvæðingu og staðalmyndir.

Á sýningunni *Skóla- og frístundaborgin Reykjavík* sem haldin var í tengslum við Barnamenningarhátíð í Ráðhúsinu dagana 30. apríl – 3. maí var jafnrétti gert hátt undir höfði með kynningu og málstofu um viðfangsefnið sem voru vel sóttir viðburðir.

3. Staðalmyndir og kynjakerfið

Af gögnum *Skólapúlsins* á myndum 1-6 á bls. 9-14 má glöggst sjá að líðan stelpna er mun verri en líðan stráka. Þær hafa minna sjálfsálit og það versnar mikið eftir því sem líður á unglingsárin. Samhliða minna sjálfsáliti aukast áhyggjur þeirra og kvíði.

Í þessari skýrslu verða skoðaðar nokkrar ástæður vanlíðunar stelpna, birtingamyndir og möguleg bjargráð fyrir kennara, frístundaráðgjafa og annað starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum. Meðal annars verða áhrif staðalmynda kynjanna skoðuð, sérstaklega staðalmyndir um útlit. Fjallað verður um áhrif klám og klámvæðingar og tvöfalda jaðarsetningu hinsegin stelpna og fatlaðra stelpna. Eins verður fjallað um ólíkar kröfur sem gerðar eru til stráka og stelpna og ábyrgð hinna fullorðnu á að viðhalda staðalmyndum, bæði foreldra og starfsfólks.

En hvað eru staðalmyndir?

Staðalmyndir eru þær hugmyndir sem við gefum okkur að gildi um einstaklinga sem tilheyra ákveðnum hópi. Þær eru oftast einfaldar, útbreiddar og yfirleitt neikvæðar. Þær staðalmyndir sem eru ríkjandi í samfélaginu hverju sinni geta haft neikvæð áhrif á þroska og

líðan einstaklinga sem tilheyra þeim hópum sem fólk telur sig hafa fyrirframgefnar hugmyndir um.

Staðalmyndir um stelpur og stráka, konur og karla, byggja oft á hugmyndum um hefðbundin kynhlutverk og eru því bæði íhaldssamar og einhæfar. Fjölmíðlar sýna karla og sérstaklega konur í einhæfum hlutverkum. Þannig eru konur frekar tengdar við heimilið og börn, þær eru sýndar sem fórnarlömb eða fegurðardísir. Að auki sýna fjölmíðlar afar óraunhæfa mynd af útliti kvenna¹³. Leiða má líkum að því að slík framsetning á gildum og hlutverkum kvenna í samfélaginu hafi neikvæð áhrif á stelpur sem eru að móta sjálfsmynd sína á viðkvæmum uppvaxtarárunum.

Staðalmyndir um útlit

Staðalmyndir um útlit stelpna og stráka, kvenna og karla eru mjög ráðandi í fjölmíðlum og ýmsu afþreyingarefni. Þær hafa áhrif bæði á stelpur og stráka. Strákar á unglingaldri eru líklegri til að vilja þyngjast og samsama sig þannig vöðvastæltum fyrirmyndum, á meðan stelpur eru líklegri til að vilja grenna sig í samræmi við ofurgrannar fyrirmyndir¹⁴.

Íslensk rannsókn leiddi í ljós að 40% stúlkna í 10. bekk, sem eru í eðlilegri þyngd, eru að íhuga megrun eða eru í megrun. Á heildina litið eru strákar, sama hver líkamsþyngd þeirra er, mun sáttari við sína þyngd heldur en stúlkur.¹⁵ Þessi munur helst þegar komið er á fullorðinsár.¹⁶

Í þessu samhengi má benda á að með kynþroska og hækkandi aldri er líklegt að strákar þyngist og uppfylli þannig ósk sína um aukna líkamsþyngd. Ólíklegt verður hins vegar að teljast að stelpur léttist með tilkomu kynþroskans og hækkandi aldurs - og uppfylla þannig aldrei ósk sína um lækkandi líkamsþyngd.

Fjölmargar rannsóknir staðfesta áhyggjur stelpna af líkamsþyngd sinni og hvernig þær áhyggjur geta í sumum tilfellum leitt til alvarlegra geðsjúkdóma á borð við átraskanir. Stelpur eru líklegri en strákar til að finna fyrir utanaðkomandi þrýstingi varðandi holdafar og þessi

¹³ Sjá t.d. umfjöllun um staðalmyndir í Kynungabók (2010).

¹⁴ Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009).

¹⁵ Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009).

¹⁶ Jón Óskar Guðlaugsson, Kristján Þór Magnússon og Stefán Hrafn Jónsson. (2012).

veruleiki ýtir undir lágt sjálfsmat, skömm á eigin líkama, geðraskanir og óhóflega útlitsdýrkun.¹⁷

Frelsi til að velja

Íslensk rannsókn hefur sýnt að ungmenni eru íhaldssamari nú en áður þegar kemur að verkaskiptingu kynjanna á heimilinu og í atvinnulífinu.¹⁸ Með öðrum orðum: Staðalmyndir um ólíkt hlutverk og eðli kynjanna eru nú fastari í sessi en áður. Frelsi fólks til að velja sér starfsvettvang, lífsviðhorf og áhugamál helst í hendur við að ekki séu ríkjandi sterkar staðalmyndir um hvernig stelpur og strákar *eigi* að vera út frá kyni þeirra.

Í rannsókn frá árinu 2010¹⁹ kom í ljós að viðhorf íslenskra ungmenna á aldrinum 16-19 ára eru ansi íhaldssöm. Þannig telja til að mynda um 40% drengja að karlmenn eigi að ganga framur konum um störf og sama hlutfall telur að karlar eigi að ráða meiru í sambúð karls og konu. Það telja aftur á móti 7% stúlkna. Drengirnir eru því mun íhaldssamari.

Það má því segja að dregið hafi úr frelsi ungs fólks til að haga lífi sínu eftir áhuga og styrkleikum á undanförunum árum og þess í stað hafi kyn meiri áhrif.

Þessar frelsishömlur birtast meðal annars í því að börn sem fara út fyrir kynjaboxið eru líklegri til að verða fyrir einelti. Stór hluti eineltis miðar að því að ýta fólki aftur „á sinn stað“ þannig að það hegði sér, klæði sig og velji sér áhugamál sem samræmast kyni sínu²⁰. Með því að brjóta niður þær hugmyndir sem við höfum um staðalmyndir kynjanna og opna augu barna fyrir því að allt fólk má vera eins og það vill, óháð kyni, erum við með markvissum hætti að vinna gegn einelti.

Kynjað barnaefni

En hvaðan koma þessi íhaldssömu viðhorf barna og ungmenna? Án efa úr mörgum og ólíkum áttum. Börn læra á margvíslegan hátt hvað tilheyrir þeirra kyni og hvernig þeim ber að haga sér samkvæmt því. Þórdís Þórðardóttir (2012) hefur rannsakað þann lærdóm sem leikskólabörn draga af barnaefni. Hún bendir á að börn kynnist eðlishyggju, og því hvað er talið viðeigandi og óviðeigandi iðja fyrir hvort kyn, í gegnum barnaefni. Þess vegna er afar

¹⁷ Ásta S. Kristjánsdóttir og Guðbjörg H. Kolbeins. (2009).

¹⁸ Andrea Hjálmsdóttir. (2012) og fyrri rannsóknir hennar

¹⁹ Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigúfssdóttir. (2010).

²⁰ Sameinuðu þjóðirnar. (engin dagsetning).

mikilvægt að skólar og fjölskyldur velji vandað barnaefni sem ekki ýtir undir staðalmyndir. Í einni af kveikjunum og hugmyndum á bls. 28-32 er farið yfir nokkur atriði sem gott er að hafa í huga um val á bókum og sögum fyrir börn.

Í grein Þórdísar Þórðardóttur²¹ er meðal annars fjallað um það hvernig vinsælt barnaefni sýnir karlkyns sögupersónur sem virkar hetjur sem berjast við kraftmikla andstæðinga (og sigra!) en kvenkyns persónur hafa það markmið að laða að sér sterka karla með því að vera góðar, fallegar og fórnfúsar. Í rannsókn Þórdísar kom í ljós að mikill kynjamunur er á því hvaða barnaefni börnunum finnst skemmtilegast og að foreldrar velja barnaefni fyrir börnin sín eftir kyni þeirra. Börnin finna fyrir þrýstingi að velja „rétt“ miðað við kyn sitt og sum þeirra fara þannig leynt með áhuga sinn á barnaefni sem „ekki hæfir“ þeirra kyni. Að auki kom í ljós, í samræmi við erlendar rannsóknir, að karllæg gildi þóttu virðingarmeiri heldur en kvenlæg meðal leikskólabarnanna. Þar liggur einmitt grunnur óréttlætisins.

Gildi kvenleika og karlmennsku

Staðalmyndir um stelpur jafnt og stráka eru vissulega ríkjandi í samfélaginu. Þær staðalmyndir, og því sem haldið er að stelpum sem „kvenlegri dyggð“, er þó yfirleitt metið minna en það sem haldið er að strákum. Skýrasta dæmið um það er hvernig dæmigerð kvennastörf eru lægra metin til launa en dæmigerð karlastörf. Annað dæmi er hvernig stelpur sem eru „strákalegar“ fá meiri virðingu en strákar sem eru „stelpulegir“. Strákastelpur uppskera jafnvel aðdáun fyrir að vera harðar af sér og góðar í íþróttum. Ólíklegra er að strákur sem leikur sér að dúkkum og hefur gaman af prinsessubúningum uppskeri samskonar virðisauka.

Stelpan er að auka virðingu sína, strákurinn er að gera eitthvað „skrítið“²². Skilaboðin eru röng til hvors kyns um sig og allir tapa á þessum viðhorfum.

Í þessu liggur óréttlæti staðalmynda og kynjakerfisins. Það sem gerist ekki síst hjá börnum frá 6. bekk og þar til þau koma í 10. bekk er að þau gera sér betur grein fyrir gangverki samfélagsins. Þau átta sig betur á því til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeim beri að líta út og haga sér, ekki síst í ljósi kyns þeirra.

²¹ Þórdís Þórðardóttir. (2012).

²² Sjá t.d. umfjöllun um karla í hjúkrun, Þórður Kristinsson. (2006).

Kvenleg gildi eru minna metin í samfélaginu. Á sama tíma verða ungmenni íhaldssamari á hefðbundin kynhlutverk. Ekki er ólíklegt að þessi veruleiki ýti undir minna sjálfsálit stelpna, þegar hann verður þeim ljós eftir því sem þær eldast og öðlast aukinn skilning á samfélaginu.

Allir tapa á kynjakerfinu

Af framansögðu má vera ljóst að margt í samfélaginu vinnur beinlínis gegn því markmiði sem er leiðarljós í starfi skóla- og frístundasviðs og birtist í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2006:

„Börnum og unglingum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska, án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda“

Strákar jafnt sem stelpur tapa á kynjakerfinu. Kynjakerfið (e. *gender system/patriarchy*) er heiti á þeim aldagömlu hefðum sem setja bæði karla og konur á afmarkaða bása. Það er gegnsýrt menningu okkar og viðheldur stöðugt sjálfu sér²³.

Almennt er minna þol gagnvart því að strákar brjótist út fyrir sínar staðalmyndir og velji sér til að mynda áhugamál, föt eða starf til framtíðar sem telst frekar tengjast stúlkum og konum. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) hefur bent á að skaðsemi staðalmynda karlmennskunnar birtist einkum með tvennum hætti; annars vegar í hugmyndum um kynbundið ofbeldi í klámi, klámvæðingu, barsmíðum og nauðgunum sem eru í hrópandi andstöðu við jafnréttissamfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu kynjanna. Hins vegar sé þrýstingur á karla að vera fyrirvinna og að finnast ákveðin störf þeim ekki samboðin. Þetta takmarki mjög frelsi þeirra til að nýta hæfileika sína. Bent hefur verið á að birtingamynd karlmennsku í verkum Gillzeneggers falli vel að kenningum um skaðlega karlmennsku og að innan þeirrar orðræðu sem hann viðhefur sé ekki rúm fyrir virðingu, ást, umhyggju né samskipti á jafningjagrundvelli²⁴.

Þá má nefna að Niðurstöður *rannsókna og greiningar*²⁵ benda til þess að strákar verji minni tíma með foreldrum sínum og eru undir minna eftirliti. Þeim finnst þeir leggja minni rækt við

²³ Sjá umfjöllun í Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011).

²⁴ Ásta Jóhannesdóttir og Kristín Anna Hjálmarisdóttir. (2011).

²⁵ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2012).

námið en stelpur og fari í meira mæli of seint að sofa. Árangur þeirra í skóla er lakari en stelpna.²⁶ Hér á eftir er fjallað nánar um þessa þætti.

Hinir fullorðnu og staðalmyndirnar

Lögum samkvæmt ber skólum að mennta börn og ungmenni. Ekki ber öllum saman um hvað skólinn hefur mikil áhrif á *nám* barna. Rannsóknir sýna að 30-40% áhrifanna koma frá skólanum en 60-70% frá heimilum og fjölskyldum barnanna, sem og samfélaginu utan skólans sem barnið lifir og hrærist í²⁷.

Það má leiða að því líkum að ef þessi áhrif foreldra, fjölskyldna og samfélagsins eru svo sterk hvað varðar *nám* barna, þá séu þau jafnvel enn sterkari þegar kemur að félags- og menningarbundnum þáttum eins og staðalmyndum.

Í mörgum rannsóknum kemur fram kynjamunur í uppeldi barna og ungmenna. Niðurstöður Rannsókna og greiningar sýna að foreldrar þekkja vini dætra sinna betur og vita oftar hvar þær eru á kvöldin. Strákar virðast fá að ganga meira sjálfala og það er minna eftirlit með þeim.²⁸

Algenzt er að fólk, foreldrar og kennarar, átti sig ekki á staðalmyndum sem lita hegðun þess. Í rannsókn Lynch og Lodge (2002) kom fram að samskipti kennara við nemendur í grunnskóla eru í þremur af hverjum fjórum tilfellum við stráka; stráka sem þykja til fyrirmyndar, stráka með óæskilega hegðun eða stráka sem þurfa stuðning í námi. Stelpur fá í mun minna mæli athygli eða viðbrögð frá kennara, sama hvaða hópi þær tilheyra. Fram kemur einnig í rannsókninni að kennarar ávarpa stráka frekar með nafni en stelpur sem hóp.

Öll erum við hluti af samfélagi sem með öllum sínum kostum og göllum er litað af staðalmyndum og fyrirframgefnum hugmyndum um hlutverk okkar sem kona og karl, stelpa eða strákur. Það sem hefur áhrif á börn eru væntingar foreldranna til þeirra, hið sama á við í skólanum. En hlutverk fullorðinna sem fyrirmynda barna og ungmenna er afar mikilvægt. Á heimilum þar sem neikvæð umræða um útlit og líkama á sér stað geta börn þróað með sér neikvætt viðhorf til eigin líkama sem í verstu tilfellum leiðir til alvarlegra sjúkdóma á borð við átröskun.

²⁶ T.d. skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2011).

²⁷ Sahlberg. (2013).

²⁸ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2012).

Gagnsemi samtals og fræðslu er aldrei of oft áréttað. Rannsóknir sýna að foreldrar eru að meðaltali um tveimur árum of seint á ferðinni þegar kemur að því að ræða kynlíf við börnin sín. Gagnlegt fræðsluefni fyrir foreldra sem vilja stuðning til að hefja þá umræðu er víða að finna, til að mynda í [Þessum bæklingi frá Landlæknisembættinu](#). Foreldrar geta líka nýtt ótal tækifæri til að benda á margbreytileikann í mannlífinu og mikilvægi þess að við höfum frelsi til að vera eins og við erum, óbundin af staðalmyndum. Lítið í kaflann um hugmyndir og kveikjur á bls. 28-32!

Hefur kyn kennara áhrif?

Áður hefur komið fram að viðhorf fullorðinna mótist af því samfélagi sem þeir ólust upp í og starfa í. Því er freistandi að draga þá ályktun að hið stóra hlutfall kvenkennara, sem svo sannarlega er til staðar í leik- og grunnskólum á Íslandi, hafi áhrif á nám barna, námsárangur og jafnvel kynja- og félagsmótun þeirra. Sú ályktun stenst þó ekki skoðun.

Rannsóknir hafa dregið fram þá staðreynd að kennarar eru ólíkari innbyrðis, en því sem ræðst af kyni. Rétt eins og börn! Karlkennarar geta verið bæði mildir og strangir, með áhuga á íþróttum eða listum. Karlkennari er því engin trygging fyrir velgengni stráka í skólum. Góður kennari í góðum skóla er góður fyrir öll börnin í þeim skóla, sama hvers kyns hann er.

Rannsóknir hafa sýnt að fagmennska kennara og þekking þeirra á félagsmótun og kynjafræði hefur mun meiri áhrif á gæði skólastarfsins en kynferði þeirra.²⁹ Það ætti þó ætíð að vera kappsmál hvers samfélags að á starfsstöðum sé jafnt hlutfall karla og kvenna til að þeir endurspegli margbreytileikann og ólík sjónarhorn.

Ábyrgð fullorðinna er mikil; kennara og starfsfólks í frístundastarfi sem og foreldra. Til að stuðla að heilbrigðu sjálfstrausti barna og ungmenna skal forðast að draga þau í dila, hvort sem það er í tengslum við uppruna þeirra, kynferði eða annað. Foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um umræðuna við eldhúsborðið heima og forðast að láta börn skynja virðingarleysi sem tengist kynferði kennara. Öllum er hollt að rýna í viðhorf og væntingar til barna sinna og hvort geti verið að þau séu ólík eftir kynjum. Það er ekki strákum til framdráttar að foreldrar gefi þeim afslátt frá eðlilegum kröfum um hegðun og námsárangur á þeim forsendum einum að þeir séu strákar. Stelpur þurfa að skynja að þær hafi frelsi til að

²⁹ Martinu, Mills og Lingerad. (2005) í Nanna Kristín Christiansen (2010).

vera þær sjálfar, óháð því hvernig þær líta út, óháð óraunhæfum kröfum samfélagsins og óháð skaðlegum áhrifum klámvæðingarinnar.

Áhrif kláms og klámvæðingar

Hvað er klám?

Til að ræða um áhrif klámvæðingar og klámáhorfs á stelpur og stráka er mikilvægt að vera með sameiginlegan skilning á því hvað er klám. Hér verður klám skilgreint sem kynlíf sem felur í sér niðurlægingu og ofbeldi þar sem virðing og réttur einstaklingsins er virtur að vettugi³⁰. Oftast er það kona sem verður fyrir ofbeldinu og niðurlægingunni. Samkvæmt úttekt sem gerð var á fimmtíu söluhæstu klámmyndum í Bandaríkjunum innihéldu 88% þeirra líkamlegt ofbeldi gagnvart konum.³¹

Áhorf barna og ungmenna á klám

Meðalaldur barna þegar þau sjá klám í fyrsta sinn er 11 ár og stærstu neytendur klámefnis eru börn á aldrinum 12 – 17 ára.³² Íslenskir strákar á aldrinum 16-19 ára eiga „Evrópumet“ í klámáhorfi en um 76% þeirra horfa á klám einu sinni í viku eða oftar.³³ Rannsóknir sýna að það eru allra helst karlar sem horfa á klám, en það áhorf er að aukast meðal kvenna. Þannig leiddi bandarísk rannsókn í ljós að um þriðjungur klámneytenda eru konur.³⁴

Það virðist almennt viðurkennd „kynfræðsla“ að horfa á klám, hvort heldur það er af forvitni, í fræðsluskyni, til kynferðislegrar örvunar eða gamans.

Klámvæðing

Töluverðar breytingar hafa orðið í samfélaginu á undanförunum árum með aukinni klámvæðingu dægurmenningar. Kynlíf hefur löngum verið notað sem söluvara í fjölmiðlum, hvort heldur í tónlist, auglýsingum eða í sjónvarpsefni. En á undanförunum árum hefur dægurmenningin orðið klámvæddari þar sem skil á milli kynlífs og ofbeldis eru orðin óljósari í auglýsingum, tónlistartextum og tónlistarmyndböndum. Viðhorf og hugmyndir um „ofbeldisfullt“ kynlíf er að verða samþykktari útgáfa af „eðlilegri hegðun“ og máir þar með út mörkin milli kynlífs og kláms. Heilbrigt og gott kynlíf sem einkennist af gagnkvæmri virðingu,

³⁰ Sjá Russell (1993).

³¹ Shelly Lubben. (2014).

³² Andrea Hjalmsdóttir og Hjalmar Sigmarsson. (2006).

³³ Barnaverndastofa og Rannsókn og greining. (2006).

³⁴ Erla Dögg Kristjánsdóttir og Þóra Árnadóttir. (2012).

trausti, ánægju og vellíðan er andstæðan við klámvæðingu, sbr. þær fjölmörgu vinsælu klámmyndir sem ganga út á ofbeldisfullt klám.³⁵ Klámvæðingin byggir á þeirri hugmynd að kynverund kvenna grundvallist á að uppfylla þarfir gagnkynhneigðra karlmanna. Klæðaburður, útlit og hegðun kvenna er skilgreind út frá þörfum og áhuga karla, sem einfaldaður er í klámvæðingu dægurmenningarinnar sem „brjósta og rass“ áhugi. Karlmennt líða fyrir þessa útbreiddu og einföldu hugmynd, með því að birtast upp til hópa sem gagnkynhneigðir gerendur sem hugsi stöðugt um kynlíf.

Áhrif kláms og klámvæðingar á líðan stelpna og stráka

Fáar rannsóknir verið gerðar hérlandis á áhrifum kláms og klámvæðingar á kynhegðun unglinga. Þær sem gerðar hafa verið erlendis virðast almennt benda til þess að viðhorf til kynlífs og kynhegðunar ungs fólks hafa breyst.³⁶

En er þetta eitthvað sem við þurfum að hafa áhyggjur af? Gera unglingar sér ekki vel grein fyrir muninum á kynlífi og klámi?

Áhrif aukinnar klámvæðingar og kynferðislegrar tengingar við börn í auglýsingum hafa verið rannsökuð. Í ljós hafa komið þau áhrif á stelpur að sjálfstraust þeirra minnkar, þær skammist sín fyrir líkama sinn, þjáist af þunglyndi og átröskunum, byrji að reykja í þeim tilgangi að halda sér grönnum og stundi kynlíf án getnaðar- og kynsjúkdómavarna.³⁷

Áhrifin á stráka sem laðast að stelpum eru að þeir eigi erfitt með að finna „ásættanlegan“ maka vegna óhóflegra og óraunsærra útlitskrafna og þeirra myndar sem birtist af kynlífi í klámefni. Þeir geti átt erfitt með að njóta til fulls nándar við aðra manneskju og eigi erfitt með að fá kynferðislega örvun með stelpu, án klámefnis. Einnig er hætt við að þeir eigi erfitt með að tengjast stelpum á fleiri vegu en kynferðislega.³⁸

Það má leiða að því líkum að klám og klámvæðing stuðli að því viðhorfi að kynlíf eigi að fela í sér niðurlægingu, sársauka og vera án allrar virðingar fyrir einstaklingnum. Þessi þróun hefur haft ótvíræð neikvæð áhrif á líðan stúlkna og strákar eru síst minna útsettir fyrir þessari samfélagsþróun.

³⁵ Erla Dögg Kristjánsdóttir og Þóra Árnadóttir. (2012).

³⁶ Andrea Hjálmsdóttir og Hjálmar Sigmarsson. (2006).

³⁷ Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls. (2007).

³⁸ Erla Dögg Kristjánsdóttir og Þóra Árnadóttir. (2012) og Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls (2007).

Stelpur á jaðrinum

Hinsegin stelpur

Nýleg íslensk rannsókn leiddi í ljós að þriðjungur samkynhneigðra ungmenna í 10. bekk hefur reynt sjálfsvíg. Kynjamunur reyndist mikill. 18% samkynhneigðra stráka höfðu reynt sjálfsvíg á móti 40% samkynhneigðra stelpna.³⁹ Aukinheldur eru lífsgæði samkynhneigðra, sérstaklega samkynhneigðra stelpna mun lakari en gagnkynhneigðra.⁴⁰ Í allri vinnu sem miðar að því að bæta lífsgæði og líðan stelpna þarf að taka mið af þessari stöðu meðal samkynhneigðra stelpna.

Þó þessi rannsókn hafi aðeins tekið til samkynhneigðra ungmenna má gera ráð fyrir því að staðan sé síst skárri hjá trans ungmönnum, tvíkynhneigðum, pankynhneigðum⁴¹ eða á annan hátt hinsegin ungmönnum. Þau tilheyra hópum sem eru enn ósýnilegri en samkynhneigðir. Nýleg könnun Samtakanna '78 hérlandis leiddi í ljós að um fjórðungur hinsegin fólks sem svaraði könnuninni skilgreindi kynhneigð sína á annan hátt en samkynhneigð.⁴² Kennarar, frístundaráðgjafar og annað starfsfólk þarf að vera meðvitað um hversu fjölbreyttur hópur hinsegin fólks er, og taka mið af því í allri umræðu og starfi.

Fatlaðar stelpur

Rannsóknir hafa sýnt að fatlaðar stelpur og konur eru í aukinni hættu á að verða fyrir misrétti og ofbeldi.⁴³ Af þessu leiðir að líðan og sjálfstraust fatlaðra stelpna er lakara en stelpna sem ekki eru fatlaðar. Þá sýna fjölmargar rannsóknir að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks er oft á tíðum verulega skertur.⁴⁴ Í allri vinnu sem miðar að því að bæta lífsgæði og líðan stelpna, ekki síst á unglingsaldri, þarf að taka mið af þessari stöðu fatlaðra stelpna. Kennarar, frístundaráðgjafar og annað starfsfólk í frístundastarfi þarf að vera meðvitað um hvernig vinna má að bættum hag fatlaðra stelpna, efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra og þar með styrkja sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd.

³⁹ Þriðjungur reynt sjálfsvíg. (2012).

⁴⁰ Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ársæll M. Arnarsson og Andrea Hjalmsdóttir. (2010).

⁴¹ Pankynhneigt fólk laðast að konu, körlum og fólki sem skilgreinir kyn sitt á annan hátt.

⁴² Óbirt gögn Samtakanna '78. Könnunin fór fram á netinu í ársbyrjun 2014 og tóku 437 manns þátt.

⁴³ Ásdís Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- Gunnarsdóttir. (2013).

⁴⁴ Sjá t.d. Auður Magnús Leiknisdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Jarprúður Þórhallsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Vala Jónsdóttir. (2011).

Unnið með kvíðnum stelpum

Í frístundaheimilinu Eldflauginni hefur undanfarið verið unnið með kvíðnar stelpur í 1. og 2. bekk. Tilfinningalegir erfiðleikar stráka eru oft augljósari þar sem þeir valda truflun á starfinu, en vandi stelpnanna er oft dulinn. Kristín Anna Hermannsdóttir, frístundaleiðbeinandi í Eldflauginni í Hlíðaskóla hafði umsjón með verkefninu og hún veitti góðfúslega upplýsingar um framkvæmd þess. Markmið vinnunnar er í fyrsta lagi að búa til vettvang þar sem stelpur með kvíða, sem hurfu gjarnan í fjöldann á frístundaheimilinu, fá að njóta sín í öruggu umhverfi og mynda tengsl hver við aðra. Áhersla var lögð á að stelpurnar gætu rætt um líðan sína og þar af leiðandi ekki líða eins og þær væru einar í heiminum eða „öðruvísi“ fyrir það eitt að glíma við kvíða. Í öðru lagi var stelpunum veitt aðstoð og fræðsla sem þær þurftu á að halda til að njóta sín betur dags daglega.

Stuðst var við bókina *Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur: Bók fyrir börn til að sigrast á kvíða*. Bókin var lesin fyrir stelpurnar og farið í gegnum æfingar. Fyrst og fremst þurftu stelpurnar á því að halda að einhver staldraði við, tæki eftir þeim og skildi þær. Lögð var áhersla á að stelpurnar fengju að gera hlutina á sínum hraða, án þess að vera verndaðar um of. Mikilvægt er að taka mið af þessum börnum þegar skóla- og frístundastarf er skipulagt, af því það sama hentar ekki öllum og oftar en ekki er starfið skipulagt út frá þeim sem eru opnir persónuleikar og eiga auðvelt með félagsleg samskipti.

Á meðal stelpnanna voru dæmi um afar slæma mætingu í skóla, allt frá byrjun skólagöngunnar, en tíð „veikindi“ eru einmitt mjög algeng á meðal kvíðinna barna. Fræðsla til foreldra er því einnig nauðsynleg. Mikilvægt er að einblína ekki bara á hvatninguna í starfi með kvíðnum börnum, heldur einnig að þau læri að treysta á sjálf sig. Verkefnið í Eldflauginni hefur þegar borið góðan árangur og líðan stelpnanna og hegðun hefur tekið miklum breytingum. Hinar þöglu stelpur þegja ekki lengur en eru hægt og bítandi byrjaðar að tjá sig meira. Þær eru öruggari með sig, leika sér og njóta sín þó margar þurfi ennþá nokkurn stuðning.

4. Hugmyndir og kveikjur að leiðum

Í öllu starfi með börnum og ungmennum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hvílir sú skylda á herðum okkar að uppfylla eftirfarandi markmið:

*„Börnum og unglíngum sé
veitt hvatning til að rækta
hæfileika sína og persónuþroska,
án hamlandi áhrifa
hefðbundinna kynjaímynda.“*

Úr Mannréttindastefnu
Reykjavíkurborgar, 2.3.2.

Það getum við gert við ótalmörg tækifæri í okkar starfi.

Hvað með að...

- skoða af hvaða fólki stytturnar eru og um hvað kennslubækur í sögu fjalla um?

Í kjölfarið er hægt að ræða af hverju stytturnar eru nær eingöngu af körlum. Hvað voru margar konur í þessum kafla í sögubókinni? Hvað voru konurnar að gera á þessum tíma? Er það minna merkilegt? Hver ákveður hvað er merkilegt? Er erfiðara að stjórna ráðuneyti eða ala upp barn?

- hampa því sem er „öðruvísi“?

Það er hægt með því að grípa hvert tækifæri til umræðu og láta aldrei óáreitt að börn og ungmenni stríði eða líti niður á einhvern vegna þess að viðkomandi fellur ekki í hefðbundin box staðalmynda. Þannig vinnum við gegn einelti og eflum virðingu fyrir margbreytileikanum.

- fullorðið fólk í lífi ungmenna og barna brjótist út úr staðalmyndunum á óvæntan hátt?

Hvernig væri að pabbinn myndi gera við rifnu úlpuna, kvenkyns kennari færi í fótbolta í frímínútum og karlkyns kennari hefði yfirumsjón með skreytingum í árshátíðarsalnum?

- *fylgja fordæmi karlkyns starfsmanna í félagsmiðstöðinni Dregyn sem naglalökkuðu sig og hvöttu unglingsdregina til að gera slíkt hið sama?*

Það gerðu þeir til að varpa ljósi á hversu strangar óskrifaðar reglur samfélagsins eru um viðeigandi hegðun kynjanna og hvaða afleiðingar það hefur að brjótast út úr þeim.

Naglalakkaðir unglingspiltar sköpuðu umræðu um hvað það er að falla ekki inn í normið, um hverjir búa til staðalmyndir og hvernig það er að brjóta þær upp. Auðveld, skemmtileg og áhrifarík leið til jafnréttisumræðu!

- *fara sömu leið og Oddeyrarskóli á Akureyri sem nýtti starfskynningar á unglingastigi til að brjóta upp staðalmyndir?*

Í Oddeyrarskóla hefur nemendum í starfs- og námsfræðslu í 9. bekk verið gert að kynna sér a.m.k. einn vinnustað þar sem meirihluti starfsfólks er af öðru kyni en þeir sjálfir. Þessi leið brýtur upp staðalmyndir með markvissum hætti og fær ungmenni til að stækka sjóndeildarhringinn, sem svo oft er kynbundinn.

- *ræða við börn og unglinga um þær óraunhæfu ímyndir sem við sjáum í fjölmiðlum, í afþreyingarefni og á netinu?*

Mikilvægt er að börnum og ungmennum sé bent á að þær ímyndir sem við sjáum í fjölmiðlum séu ekki raunverulegar og að það ýti undir vanlíðan að bera sig saman við þær. Fjöl mörg myndbönd geta kveikt umræður um þetta:

<https://www.youtube.com/watch?v=17j5QzF3kqE>

- *að skoða bækur með jafnréttisgleraugum?*

Sýna bækurnar þjóðfélag jafnréttis, lýðræðis og fjölmenningar? Hvert er hlutverk kvenkyns sögupersóna? eru þær í aðalhlutverkum til jafns við karlkyns persónur eða eru þær í styðjandi hlutverkum við karlkyns aðalsöguhetju? Hvernig birtast persónur með annan húðlit en hvítan? eru þær sýndar í jákvæðu ljósi sem þátttakendur til jafns við aðra (t.d. í mörgum sögum eftir Sigrúnu Eldjárn) eða eru dökkir karakterar illgjarnir á meðan góðir karakterar eru ljósir yfirlitum (t.d. Hringadróttinssaga og Láki jarðálfur). Er hinsegin fólk og fatlað fólk sýnilegt í sögunum? Er það í valdeflandi hlutverkum?

Ef bækurnar á þínu heimili, í þínum skóla eða frístundamiðstöð, endurspegla ekki margbreytileikann nógu vel mætti kaupa aðrar bækur - eða fá starfsfólk og börn til að semja nýjar sögur!

- *vinna með foreldrafélagi skólans að meiri umræðu og fræðslu um klámvæðingu?*

Bestum árangri náum við þegar foreldrar og skóli taka höndum saman um að efla umræðu um klámvæðingu og áhrif hennar á börn og ungmenni. Margar leiðir eru færar, t.d. dreifa bæklingum og fræðsluefni til forelda eða fá fyrirlesara í heimsókn. www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item17260/Tolum-saman---samskipti-foreldra-og-barna-um-kynlif.

- *grípa hvert tækifæri til að benda á að allir eru einstakir og að alhæfingar um stráka og stelpur séu varasamar?*

Eðlishyggja er nokkuð útbreidd í samfélaginu. Strákar „eru óstýrilátir“ og stelpur „eru umhyggjusamar“. Vissulega eru til óstýrilátir strákar og samviskusamar stelpur en breiddin í barnahópnum er alltaf þúsund sinnum meiri innan hvers kyns, heldur en á milli kynja. Mjög gagnlegt getur verið að ræða staðalmyndir við börn út frá tilhneigingunni til að alhæfa. Viðbrögðin láta ekki á sér standa og oft er réttlætiskennd þeirra misboðið!

- *hvetja til þess að stofnaður verði aðgerðaklúbbur stelpna og stráka?*

Slíkir hópar þekkjast víða erlendis og markmið þeirra er að stuðla að aukinni vitund ungmenna um skaðleg áhrif klámvæðingar, staðalmynda og útlitsdýrkunar í fjölmiðlum, vöruúrvali og í afþreyingarefni. Mikilvægt er að opna leiðir fyrir börn og ungmenni til að koma sínum skoðunum á framfæri svo þau fái tækifæri til að breyta heiminum til hins betra fyrir fólk af öllum kynjum. Hægt er að hvetja stelpur og stráka til að skrifa pistla, búa til ögrandi listviðburði, skrifa bréf til fyrirtækja eða samtaka sem að þeirra mati virða ekki margbreytileikann, búa til stuttmyndir eða hvaðeina sem þeim dettur í hug til að vekja athygli á skaðsemi klámvæðingar, staðalmynda og útlitsdýrkunar. Sjá t.d. www.sparksummit.com.

- *huga sérstaklega að duldu tilfinningavanda stelpna sem eru kvíðnar og láta lítið fyrir sér fara.*

Slíkt verkefni hefur til dæmis verið unnið með góðum árangri í frístundaheimilinu Eldflauginni við Hlíðaskóla eins og fram kom á bls. 27

- *nýta einhvern af þeim mörgu merkisdögum sem tengjast baráttunni fyrir jafnrétti, mannréttindum og margbreytileika?*

Hægt er að tengja verkefni, umræður og námsefni við dagana á óendanlega marga vegu.

Dæmi um merkisdaga: 8. mars er *alþjóðlegur baráttudagur kvenna*, 24. október er *Kvennafrídagurinn*, 6. maí er *Megrunarlausidagurinn* - alþjóðdagur þeirra sem berjast fyrir líkamsvirðingu og heilsu óháð holdafari, 3. desember er alþjóðdagur fatlaðs fólks, 17. maí er alþjóðlegur baráttudagur gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki og 11. apríl er alþjóðlegi „þöggunardagurinn“ sem dregur athygli að þeim uppnefnum, áreitni og einelti sem hinsegin fólk verður fyrir í skólum. www.dayofsilence.org.

- *nýta stuttmyndina Fáðu já til að ræða um mörk í kynlífi, rétt hvers og eins til að setja mörk og hvernig á að virða mörk annarra?*

Stuttmyndin *Fáðu já* er fyrir efstu bekkni grunnskóla og unglinga í félagsmiðstöðvastarfi en með henni fylgja ítarlegar kennsluleiðbeiningar. www.faduja.is.

Einnig er mikilvægt að gera ungmennum grein fyrir því hversu óraunverulegt klám getur verið og að það sýni ekki raunverulegt kynlíf þar sem virðing og opinská samskipti spila lykilhlutverk.

- *gera ekki ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir?*

Með því að ræða við börn og ungmenni um ólíkar kynhneigðir er hægt að sýna þeim að þær séu allar jafn eðlilegar. Í öllum hópum barna og ungmenna er einhver sem er *hinsegin*⁴⁵. Mikilvægt er að starfsfólk skóla og frístundamiðstöðva sé meðvitað um þetta og hagi orðum sínum og gjörðum á þann hátt að alltaf sé gert ráð fyrir hinsegin börnum og ungmennum, fjölskyldum og starfsfólki. Jafnvel þó að þau séu ekki „komin út úr skápnum.“ Samtökin '78 veita fræðslu til skóla og frístundamiðstöðva um kynhneigð og kynvitund.

- *að ræða við börn og ungmenni um orðanotkun?*

Til dæmis mætti sýna vefsíðuna <http://www.nohomophobes.com/#!/today/> þar sem sýnt er hversu oft á dag ákveðin niðrandi orð yfir hinsegin fólk eru notuð á Twitter. Af hverju er ekki gott að nota þessi orð? Jafnvel þó viðkomandi sé ekki að meina neitt illt eða sé bara að grínast? Önnur góð vefsíða vekur athygli á særandi orðanotkun, til dæmis gagnvart fötluðu

⁴⁵ *Hinsegin* er regnhlífarhugtak yfir samkynhneigða, tvíkynhneigða, pankynhneigða, transfólk og fólk sem er á annan hátt hinsegin.

fólki: <https://www.facebook.com/youdontsayduke>

Hvaða orð á íslensku eru sambærileg þeim sem þarna eru? Af hverju er ekki í lagi að segja: „Ert eitthvað fatlaður?“

- *ræða við börn og ungmenni um staðalmyndir og fordóma gegn fötluðu fólki?*

Nýta má íslensku vefsíðuna <http://tabu2014.wordpress.com/>. Þar eru margar fróðlegar greinar um staðalmyndir og fordóma gegn fötluðu fólki, meðal [annars upplýsingar um stöðu fatlaðra kvenna](#). Embla Guðrúnar og Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir standa að Tabúsíðunni. Þær bjóða einnig upp á áhugaverða fyrirlestra fyrir starfsfólk, foreldra, börn og ungmenni um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu.

- *nýta tækifærið við innleiðingu aðalnámskrár og markmiða um heilsueflandi leik- og grunnskóla til að vekja athygli á grunnþættinum heilbrigði og velferð út frá líkamsvirðingu?*

Fjalla má um heilsueflingu sem tekur jafnt tillit til líkamlegs, félagslegs og tilfinningalegs heilbrigðis, samanber áherslur Landlæknis um *6 h heilsunnar*. Virðing fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar, áhersla á jákvæða líkamsmynd og að skapa umhverfi sem hlúir að líkamsmynd allra. Fyrir yngstu börnin er hægt að nýta bókina *Kroppurinn er kraftaverk* og á vefsíðum Landlæknis og *Megrunarlausa dagsins* er mikið af efni sem fjallar um líkamsvirðingu og að ná sáttum við líkama sinn. www.6h.is og www.likamsvirding.is.

- *nýta góðar bíómyndir til að efla umræðuna um staðalmyndir og jafnréttismál?*

Fjölmargar bíómyndir eru tilvaldar til þess: Billy Elliot, Brave, Hrafnhildur, We are the best, Wadjda, Fucking Ámal, Whale Rider, Miss representation⁴⁶, Iron Jawed Angels, Konur í rauðum sokkum, Vigdís – fífldjarfa framboðið, Tough Guise I og II, But I'm a cheerleader og Little Miss Sunshine.

Í öllum tilvikum þarf að skoða fyrir hvaða aldurshóp bíómyndin miðast.

Verkefnisstjóri Jafnréttisskólans safnar saman fjölbreyttu námsefni og hugmyndum sem hægt er að nýta til kennslu eða í frístundastarfi. Til dæmis hafa kennarar í Vogaskóla unnið námsefni fyrir miðstig um landnám Íslands út frá jafnréttissjónarmiðum, leikskólinn Geislabaugur hefur í mörg ár unnið með jafnrétti og staðalmyndir, í frístundamiðstöðinni

⁴⁶ Hægt er að fá búta úr myndinni sem hæfa ólíkum nemendahópum m.t.t. aldurs. Sjá <http://therepresentationproject.org/resources/curriculum/>

Kampi er unnið með sjálfsstyrkingarhópa fyrir stelpur í 1. og 2. bekk, tilraunaskólarnir í Miðborg og Hlíðum sem fjallað er um á bls. 33-40 fóru nýjar leiðir -og svona mætti lengi telja. Sendið verkefnisstjóra Jafnréttisskólans línu varðandi fræðslu á ykkar starfsstað: jafnrettisskolinn@reykjavik.is

5. Tilraunaverkefni um staðalmyndir í Miðborg og Hlíðum

Hópur frístundaráðgjafa hjá Kampi og kennara úr Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla tók þátt í tilraunaverkefni á vegum skóla- og frístundasviðs um áhrif staðalmynda. Markmið tilraunaverkefnisins var tvíþætt.

- Að stuðla að umræðu og fræðslu til kennara og frístundaráðgjafa um staðalmyndir
- Að þróa leiðir í skóla- og frístundastarfi til að efla gagnrýna hugsun barna og ungmenna um staðalmyndir

Verkefnið hófst í ágúst 2013, fræðslufundir fóru fram á haustönn 2013 og árangur var metinn í byrjun apríl 2014 með spurningalistum. Kennarar og frístundaráðgjafar fengu fræðslu frá stjórnarmönnum RannKyn, Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Guðný Guðbjörnsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir veittu fræðslu á fjórum fundum sem hver var um 1,5 – 2 klukkustundir. Þess má einnig geta að RannKyn tók viðtöl við kennara og starfsfólk sem að verkefninu kom til að fá fram þeirra upplifun á verkefninu og gildi þess.

Höfuðmarkmið fræðslunnar var að kynna til sögunnar grunnhugtök í kynjafræði með áherslu á staðalmyndir, karlmennsku, kvenleika, kyngervi, kyn, kynjafræði, vald og ráðandi orðræðu um stráka og stelpur. Eins var farið yfir mikilvægi þess að koma upp hugmynda- og gagnabanka aðferða, viðfangsefna og verkefna sem nýst geta í skóla- og frístundastarfi.

Fjölbreyttar leiðir

Kennarar og frístundaráðgjafar höfðu nokkuð frjálsar hendur við að skipuleggja nám og fræðslu til barnanna á meðan verkefninu stóð. Markmiðið var þó hið sama, að vekja athygli barna og unglinga á staðalmyndum á sem fjölbreyttastan hátt. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið og kennarar gerðu sum verkefni þannig úr garði að foreldrar tóku með beinum hætti þátt í þeim. Þátttakendur voru í 5. – 7. bekk en einnig var unnið með viðfangsefnið í unglingastarfi félagsmiðstöðva hverfanna.

Í greinargerð kennara og frístundaráðgjafa að loknu verkefninu kemur fram að viðfangsefnið er brýnt, börn og ungmenni hafi verið áhugasöm og foreldrar jákvæðir. Margar leiðir voru farnar til að ná markmiðum verkefnisins, flest tókst vel en annað síður af ýmsum ástæðum. Hafa verður í huga ólíkt eðli frístundastarfs annars vegar og skólastarfs hins vegar. Til dæmis vörðu börnin í tilraunaskólunum litlum tíma í skipulagt starf í félagsmiðstöðinni í viku hverri og því þyrfti þróunarverkefni af þessu tagi að ná yfir lengra tímabil í frístundastarfinu. Á móti kom að frístundaráðgjafarnir nýttu tækifæri með unglingum sömu félagsmiðstöðva til umræðu um staðalmyndir við hvert tækifæri sem gafst.

Dæmi um verkefni og leiðir

- Kynning á hugtakinu staðalmyndir og umræður í kjölfarið um hvar þær er að finna. Börnin fundu sjálf tónlistarmyndbönd á netinu sem voru rýnd með staðalmyndir í huga.
- Heimaverkefni um jafnrétti á heimilinu þar sem skráð var hverjir sinntu heimilisstörfum og niðurstöður ræddar nafnlaust.
- Heimaverkefni sem fólst í því að börn komu með hluti að heiman sem voru kvenkyns hlutir, karlkyns hlutir og fyrir bæði kynin. Umræður í kjölfarið um staðalmyndir og fyrirframgefnar hugmyndir um hluti.
- Staðalmyndir í tímaritum og veggspjöldum.
- Ritunarverkefni þar sem þemað var: *Ef ég væri af öðru kyni*. Sögur lesnar upp án nafngreiningar sem kveiktu bæði hlátur og góðar umræður í kjölfarið.
- Auglýsingaverkefni þar sem nemendur klipptu út auglýsingamyndir úr dagblöðum og tímaritum og flokkuðu í „hefðbundin kynhlutverk“ (eins og auglýsingarnar sýna þau) og „allsKYNShlutverk“ þar sem sjá má stelpur og stráka í sömu hlutverkum; t.d. íþróttafólk, jólasveina og björgunarsveitarfólk.
- Ritunarverkefni „*Hver er í speglinum?*“ þar sem sjálfsmynd og líkamsvirðing var tekin fyrir og tengd við markmið verkefnisins.

Mikilvægi starfsfólks sem fyrirmynda

Kennarar og frístundaráðgjafar beindu einnig sjónum að eigin vinnustað og litu svo á að með þátttöku í tilraunaverkefninu gæfist gott tækifæri til að skoða stöðu jafnréttismála almennt. Verkefnið kveikti þannig umræðu um ólíka þætti eins og:

- Mikilvægi þess að starfsfólk sé góðar fyrirmyndir, t.a.m. á þann hátt að ekki sé hrósað sérstaklega eða haft á því orð þó karlkyns starfsmaður sópi eða þvoi upp.
- Að dagskrá félagsmiðstöðvanna endurspegli margbreytileikann í unglingahópnum og nái til beggja kynja.
- Að bæði kyn gangi í þau verk sem þarf að vinna, þvert á hefðbundnar staðalmyndir.
- Að starfsfólk minni hvert annað á að fela ekki stelpum og strákam verkefni samkvæmt hefðbundnum staðalmyndum (stelpur beðnar um að taka til á meðan strákar bera stóla).

Sívertsen vagnstjóri í bleikum kjól

Bókakostur sem börnunum stóð til boða var rýndur og þess vandlega gætt að jafnvægi væri í kynskiptingu rithöfunda sem og að sögupersónur væru jafnt stelpur og strákar, konur og karlar. Eins var þess freistað að velja bækur til upplestrar fyrir bekkinn sem hristu upp í staðalmyndunum, til að skapa mikilvæga umræðu.

Margs konar efniviður nýtist vel til jafnréttisfræðslu og umræðu um staðalmyndir. Í einum skólanna var *Kardimommubærinn* leikrit vetrarins í 5. bekk. Leikritið gaf mörg tækifæri til umræðu um hlutverk kynjanna og skilgreiningu á hvaða störf eru karla- og kvennastörf. Leikritið leiddi til umræðu um hlutverk kynjanna í leikritum, bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Svo vitnað sé til kennara í Hlíðaskóla: „Getur Sívertsen vagnstjóri ekki allt eins verið kona í bleikum kjól?“

Tækifærin í frístundastarfinu

Í félagsmiðstöðvunum lagði starfsfólk áherslu á að vera vakandi og meðvitað um að grípa á lofti öll tækifæri til að ræða á áhugaverðan og leiðbeinandi hátt við unglingana. Tækifærin gátu legið í umræðum dagsins, athugasemdum og hegðun. Unglingarnir voru fræddir um staðalmyndir og áhrif fjölmiðla og samfélagsmiðla á sjálfsmynd og hegðun unglinga. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar var rýnd til að auka meðvitund starfsfólks um hvort hún byði upp á viðburði og viðfangsefni sem hentaði ólíkum hópi unglinga, óháð kyni þeirra.

Vakandi og síkvik umræða

Skilgreining og skilningur á staðalmyndum getur verið flókinn. Þátttakendur í tilraunaverkefninu benda á að mikilvægt sé að koma sí og æ aftur að því hvað staðalmyndir

eru. Gott er að nálgast hugtakið einnig út frá tilhneigingunni til að alhæfa um stóra hóp; „Stelpum finnst leiðinlegt að ... Strákar hafa áhuga á...“ Það hafi oft orðið til þess að dýpka skilning barnanna. Eins ráðlögðu þátttakendurnir að nota sem fjölbreyttust dæmi til að auka skilning barnanna á fyrirbærinu; úr afþreyingarmiðlum, bókum og því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni, heima og að heiman.

Vakandi umræða og vitund er mikilvæg eigi skóla- og frístundastarf að taka mið af jafnréttis- og kynjafræðslu. Eða eins og kemur fram í greinargerð kennara úr Hlíðaskóla „*Við grípum hvert tækifæri til þess að vekja athygli á staðalmyndum og birtingu þeirra. Börnin hafa tekið virkan þátt í því og eru sjálf farin að vekja athygli á þeim.*“

Kjörið er að beintengja umræður um jafnrétti og staðalmyndir við það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Á meðan á tilraunaverkefninu stóð kepptu landslið Íslendinga og Króata í fótbolta og í lok leiksins beygði fyrirliði landsliðsins af í beinni útsendingu. Það kveikti umræðu næsta skóladag um það að fullorðnir karlmenn mættu gráta, rétt eins og litlir strákar og stelpur. Sigur Conchitu Wurst í Júróvisjón söngvakeppninni er skólabókardæmi um dægurmál sem hægt er að beintengja við umræðu um staðalmyndir, einelti, fordóma og hvernig við skilgreinum fólk.

Niðurstöður mats á árangri verkefnisins


Í byrjun apríl 2014 var árangur verkefnisins metinn með viðhorfaspurningum til allra barna sem tóku þátt. Sami spurningalisti var lagður fyrir sambærilegan hóp barna í skóla sem ekki hafði fengið sérstaka fræðslu um staðalmyndir. Listinn var lagður fyrir 152 börn í 5. – 7. bekk í tilraunaskólunum og 144 börn á sama aldri í samanburðarskólanum. Samtals voru þátttakendur því 296 talsins. Nánari upplýsingar um matið má finna í viðaukum 2 og 3.

Spurningalistinn var hannaður með það að markmiði að mæla hversu íhaldssamir nemendur væru á hefðbundin kynhlutverk og hæfni fólks út frá kyni⁴⁷. Niðurstöður voru þær að börn í tilraunaskólunum voru í flestum tilfellum marktækt minna íhaldssöm.

Með öðrum orðum; *fræðsla um neikvæð áhrif staðalmynda og umræður um jafnréttismál bar árangur*. Bæði í tilraunaskólum og í samanburðarskólanum reyndust strákar í flestum


⁴⁷ Spurningalistinn var að hluta til byggður á spurningalista sem Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir (2011) notuðu til að mæla viðhorf framhaldsskólanema og einnig spurningalista sem Guðný Guðbjörnsdóttir (2007) notaði til að mæla áhrif þróunarverkefnis á viðhorf skólabarna til jafnstöðu kynjanna.

tilfellum nokkuð íhaldssamari en stelpur. Í viðauka 2 má sjá niðurstöður úr öllum þáttum könnunarinnar en hér eru nokkur dæmi um svör barnanna:



Mynd 7. Hlutfall þeirra sem merktu við „líklegt“: Góður vinur þinn (strákur) mætir með bleika skólatösku með blómamunstri í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir honum að þessi taska sé meira fyrir stelpur?


Mynd 7 sýnir skýran og marktækan mun, bæði á viðhorfum stráka og stelpna en einnig á viðhorfum eftir því hvort börnin tóku þátt í tilraunverkefninu eða ekki.



Mynd 8. Hlutfall þeirra sem merktu við „líklegt“: Góð vinkona þín mætir með svarta Star Wars skólatösku í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir henni að þessi taska sé meira fyrir stráka?


Á mynd 8 má sjá að hlutfall þeirra sem myndu gera athugasemd við að vinkona kæmi með „strákalega“ tösku í skólann er talsvert lægra en þeirra sem myndu gera athugasemd við að strákur færi á sama hátt út fyrir kynjarammann (mynd 6). Þetta er í samræmi við rannsóknir sem sýna almennt meira þol fyrir því að konur brjótist út fyrir sínar staðalmyndir og velji sér til að mynda starf sem telst vera hefðbundið karlastarf. Munur á milli kynja er hér ekki marktækur en munur á milli samanburðarskóla og tilraunaskóla er þó nokkur og marktækur. Aðeins 3% svarenda í tilraunaskólanum myndi gera athugasemd við að stelpa myndi mæta með Star Wars tösku í skólann.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hvernig þeim þætti sanngjarnt að karl og kona sem búa saman og vinna bæði úti, skipti á milli sín ýmsum heimilisstörfum.



Mynd 9. Hvort ætti að þvo fötin?

Um 70% svarenda eru á því að par, karl og kona, sem búa saman ættu að skipta því jafnt á milli sín að þvo þvottinn. Munurinn á tilraunaskólunum og samanburðarskólanum var ekki marktækur. Munur á milli kynja er aftur á móti marktækur; marktækt færri strákar telja að parið ætti að skipta þvotti á fötum jafnt á milli sín. Strákarnir telja frekar að konan ætti að sjá um þennan þátt.



Mynd 10. Hvort ætti að hafa umsjón með bílnum, t.d. viðgerðir og bón?

Mynd 10 sýnir að þátttakendur í tilraunaskólunum voru frekar á því að þar ætti að skipta jafnt á milli sín umsjón með bílnum, t.d. viðgerðum og bóni, heldur en þátttakendur í samanburðarskólanum og er munurinn marktækur. Ekki var marktækur munur á afstöðu kynjanna. Á heildina litið telja yfir helmingur að karlinn í sambandinu ætti frekar að sjá um þennan þátt.

Eins og sjá má lofa niðurstöður matsins á árangri verkefnisins góðu. Þrátt fyrir tiltölulega stuttan tíma, eða um það bil eina önn, reynist vera marktækur munur á svörum við nokkrum spurningum sem mæla hversu íhaldssöm börnin eru á hefðbundin kynhlutverk og staðalmyndir.

6. Ítarefni

- [Kynungabók](#) – upplýsingarit fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja
- [Þemahefti um jafnrétti](#) – um jafnrétti sem grunnþátt menntunar
- [Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019](#)
- [Fræðsluvefur fyrir börn og fullorðna um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.](#)
- [Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.](#)

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir. (2012). Bjartari tímar, kyrrstaða eða bakslag? Um viðhorf unglunga til verkaskiptingar kynjanna. Erindi flutt á Þjóðarspegli, ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum XIII. Háskóla Íslands 26. október 2012.
- Andrea Hjálmsdóttir, Ásæll M. Arnarsson, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). „Lífsánægja samkynhneigðra unglunga í 10. bekk“ í *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*. Sótt í apríl 2014 af http://www.childhealthresearch.eu/research/add-knowledge/Lifsanaegja%20samkynhneigthra%20unglinga%20i%2010.%20bekk.pdf/at_download/file.
- Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson (2006). „Þetta er út um allt“ upplifun og viðhorf unglunga til kláms. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Óútgefið efni.
- Auður Magndís Leiknisdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Jarprúður Þórhallsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Vala Jónsdóttir. (2010). Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Sótt í apríl 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/27102011_Malefni_fatla ds_folks_skyrsla.pdf
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hrefna Pálsdóttir. (2012). *Ungt fólk 2012. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla*. Sótt 3 apríl 2014 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skiol/Ungt-folk-2012.pdf>
- Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009) Þyngd, líkamsmynd og lífsánægja íslenskra skólabarna. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Sótt í mars 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/F%C3%A9lags-og_mannv%C3%ADsindadeild_2009.pdf
- Ásdís Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- Gunnarsdóttir. (2013). *Ofbeldi gegn fötluðum konum*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt í maí 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/ofb_fatladar-konur-skyrsla_mai2013.pdf
- Ásta Jóhannesdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*. Í Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt í apríl 2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>
- Ásta S. Kristjánsdóttir og Guðbjörg H. Kolbeins. (2009). Rannsókn í blaða- og rannsóknarmennsku „Svona er stelpur bara“ – tengsl fjölmiðla og fyrirmýnda við átröskun. Í líkamsmynd og BMI-stuðull grunnskólanema. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Sótt í mars 2014 af

http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/F%C3%A9lags-og_mannv%C3%ADsindadeild_2009.pdf

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1989). Sótt í apríl 2014 af <http://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining (2006). Grunnniðurstöður rannsókna: Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðislegt misnotkun á börnum. Reykjavík: Rannsókn og greining.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). Kynungabóka. Sótt í apríl 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/kynungabok-vefutgafa.pdf>

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Hvað er vænlegt til valda? Drengjamenning og karlmennska í skólum. *Uppeldi*, 18 (56-57).

Erla Dögg Kristjánsdóttir og Þóra Árnadóttir (2012). „Áhrif fjölmiðla og kláms á kynheilbrigði unglinga“. Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf. HÍ

Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. Sótt í apríl 2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/004/004.pdf>

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. (2013). Mat á þjónustu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins. Sótt í apríl 2014 af <http://www.greining.is/static/files/upplýsingar/mat-a-thjonustu-grr.pdf>

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). Menntun, forysta og kynferði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). Karlmennska og jafnréttisuppeldi. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Jón Óskar Guðlaugsson, Kristján Þór Magnússon og Stefán Hrafn Jónsson. (2012). *Heilsa og líðan Íslendinga 2012. Framkvæmdaskýrsla*. Sótt í mars 2014 af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item22830/Framkvaemdaskyrsla_2012_loka.pdf

Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2010). „Ég lýt ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu“ Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf. Meistararitgerð sótt 10. mars 2014 af: http://skemman.is/stream/get/1946/4752/13675/1/Katr%C3%ADnAnnaGu%C3%B0mundsd%C3%B3ttirMA_ritger%C3%B0.pdf

Lynch, K. og Lodge, A. (2002). Equality and power in schools: Redistribution, recognition and representation. London, New York: Routledge Falmer

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 10/2008.

- Lagerström, M. og Myrin, B. (2008). Sense of coherence and psychological factors among adolescents. Sótt í apríl 2014 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18460110>
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. (2006 endurskoðuð 2013). Sótt í apríl 2014 af http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_tindaskrifstofa/skjol/Lokast_efnan_endursko_u_-_tilb._fyrir_vef.pdf
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). The Nordic Youth Research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden. Sótt í apríl 2014 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_reports/Youth_and_welfare_Report.pdf
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). Skóli og skólaforeldrar. Reykjavík: Höfundur.
- OECD. (2006). Child Disability. Sótt í apríl 2014 af <http://www.oecd.org/els/family/CO1%209%20Child%20disability%20FINAL.pdf>
- Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls. (2007). Washington DC: American Psychological Association, Task Force on the Sexualization of Girls. Sótt í mars 2014 af www.apa.org/pi/wpo/sexualization.html
- Russel, Diana E.H. (1993). Making violence sexy. Feminist views on pornography. New York: Teacher college press.
- Shelly Lubben. (2014) Porn facts and porn stars. Sótt í apríl 2014 af <https://www.shelleylubben.com>
- Salhberg, Pasi. (2013). What if Finland's great teachers taught in U.S. schools? Sótt í maí 2014 af <http://pasisahlberg.com/what-if-finlands-great-teachers-taught-in-u-s-schools/>
- Sameinuðu þjóðirnar. (Engin dagsetning). Tackling Violence in Schools: A global perspective. Bridging the gap between standards and practice. Sótt í apríl 2014 af http://www.brooklyn.cuny.edu/pub/departments/childrensstudies/conference/pdf/Tackling_Violence_in_Schools-SRSG_VaC_Publication.pdf
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2011). Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja. Sótt í apríl 2014 af <http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/starfshc3b3pur-um-nc3a1msvanda-drengja-20111.pdf>
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs. Í Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012. Sótt í apríl 2014 af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>

Þórður Kristinsson. (2006). Karlar kljást við hjúkrun. Sótt í apríl 2014 af

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1113789/>

Þriðjungur reynt sjálfsvíg. (2012) Sótt í apríl 2014 af

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/16/thridjungur_reynt_sjalfsvig/

VIÐAUKAR

Viðauki 1 – yfirlit yfir gesti starfshópsins og erindi þeirra

28. janúar 2013

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, forstöðumaður í frístundamiðstöðinni Kampi fjallaði um líðan stelpna, staðalmyndir og kynhegðun - og kynferði sem einn af grunnþáttunum sem móta sjálfsmynd barna og ungmenna.

Erindið fjallaði um þá kynjamótun sem á sér stað strax frá fæðingu, um rannsóknir sem snerta unglinga sem kynverur, um útlitskröfur og mikilvægi samtals foreldra við börn sín um kynlíf.

11. febrúar 2013

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari í Borgarholtsskóla fjallaði um staðalmyndir og kallaði erindi sitt: Staðalmyndir: klámvæddar, skaðlegar og skelfilegar.

Erindið fjallaði um misrétti kynjanna og klámvæðingu, þá staðreynd að stelpur eru skilgreindar út frá kynþokka, þær fylgja straumnum og samþykkja það í mörgum tilvikum sjálfar. Þetta sé leið til að fá viðurkenningu samfélagsins. Erindið fjallaði einnig um áhrif auglýsinga á stelpur þar sem útlitsdýrkun og áhersla á líkamann er ráðandi. Fjallað var um nauðsyn markvissrar jafnréttisfræðslu og nauðsyn þess að slíkt nám verði hluti af skyldunámi í kennaramenntun. Ekki síst í ljósi þess að skoðanir barna og unglinga verða sífellt íhaldssamari þegar kemur að hlutverkum kynjanna.

Dr. Þórdís Þórðardóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræðum, fjallaði um staðalmyndir kynja í barnaefni; barnabókmenntum, barnaefni í bókum, tölvum og mynddiskum.

Helstu niðurstöður rannsókna hennar eru að flest barnaefni er mjög kynjað. Í erindi hennar var hlutverk barnaefnis í menntun leikskólabarna reifað, samanburður þess við raunveruleikann og hamlandi staðalmyndir. Foreldrar og umhverfi ráða miklu um val á barnaefni og best fer á því að þau hafi aðgang að sem fjölbreyttustu efni – og það er mikilvægt að leyfa börnum að efast um staðalmyndir. Þórdís lagði áherslu á að það þarf að sinna jafnréttisfræðslu á leikskólastiginu, rétt eins og á öðrum skólastigum.

25. febrúar 2013

Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi kallaði erindi sitt: Áhrif staðalmynda á frelsið til að velja sér áhugamál.

Erindi hennar fjallaði um þær skýru staðalmyndir sem birtast í samfélaginu, sem og óskráðar en kynbundnar reglur. Slíkar reglur eru settar t.d. af foreldrum, þær koma fram í auglýsingum, frá fyrirmyndum úr íþróttum, frá leiktækjaframleiðendum og úr netheimum. Áberandi munur er á kynjum þegar börn og unglingar velja sér áhugamál og

Íþróttir. Það er mikilvægt að kenna börnum að greina skilaboð úr umhverfinu, vera gagnrýnin á þau og einnig að læra að hlusta á – og taka gagnrýni. Jafnréttismenntun er mikilvæg á öllum skólastigum og í frístundastarfi.

25. mars 2013

Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og verkefnisstjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis fjallaði um líkamsmynd og líðan stelpna.

Í hennar erindi kom fram að líkamsmynd er hluti af sjálfsmynd einstaklinga, hvernig við upplifum eigin líkama og hvernig okkur líður. Líkamsmynd hefur áhrif á félagslega stöðu okkar, ekki bara útlit. Börn verða fljótt meðvituð um líkama sinn, strax í leikskóla og eru fljót að tileinka sér viðmið samfélagsins, m.a. viðhorf gagnvart feitu fólki. Erlendar rannsóknir sýna að stelpur hafa áhyggjur af útliti og líkamsmynd strax við 5 ára aldur og stelpur hafa almennt verri líkamsmynd en strákar. Líkamsmynd er sterkur áhrifaþáttur á geðheilsu stelpna og kvenna og helmingi fleiri konur þjást af þunglyndi heldur en karlar. Áhrif fjölmiðla eru gífurlega mikil; kvennatímarit innihalda gjarnan greinar um megrun og hvernig hægt er að lagfæra útlit. Samfélagsleg áhrif birtast m.a. í því að fólk upplifir mikla félagslega umbun fyrir að grennast og vera grannur. Konur verða margfalt verr fyrir fitufordómum heldur en karlar og feitum konum er mismunað í atvinnulífinu. Í erindi Sigrúnar var einnig vikið að mikilvægi heilsuefningar sem leggur áherslu á hegðun – ekki útlit. Heilsuefning er heilðrænt fyrirbæri sem nær til líkamlegra, félagslegra og tilfinningalegra þátta.

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, heimspekingur flutti erindi sem hann nefnir: Er hægt að lækna karlrembu? Að kenna kynjagreiningu og gagnrýna hugsun.

Erindi Gunnars fjallaði um muninn á kynjunum eins og hann birtist í umhverfinu, t.d. auglýsingum og í margs konar myndmiðlum- og máli. Athyglisvert að skoða hvort kynið er áhorfandinn og hvort kynið er gerandinn. Kynin eru sýnd á ólíkan hátt í auglýsingum og fjölmiðlum og karllægt sjónarhorn er gjarnan ráðandi. Ekki síst er athyglisvert að skoða karlkyns sögupersónur í vinsælum sjónvarpsþáttum, sem oft eru vitgrannir og klaufskir, en samt með völd. Orðræðan er kynjuð og birtingarmyndir staðalmynda er að finna nær alls staðar, í ólíkum miðlum og á margvíslegan hátt.

13. maí 2013

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur hjá Embætti landlæknis, flutti erindið: Sjálfsmynd, líðan og líkamsmynd.

Dóra Guðrún fjallaði um markmið *Heilsueflandi skóla* á öllum skólastigum, sem og áhrifaþætti hamingju. Stór bandarísk rannsókn bendir til þess að hamingjusömustu einstaklingarnir hafi gengið í gegnum einhvers konar erfiðleika. Stærsta áskorun barna og unglunga er einmitt að takast á við erfiðleika – það er mikilvægt að ofvernda ekki börnin heldur gefa þeim færi á að takast á við lífið, erfiðleika og áskoranir og leggja áherslu á að takast á við vandamál og erfiðleika á jákvæðan hátt. Velliðan hjá ungu fólki birtist í jákvæðri sjálfsmynd, bjartsýni, félagsfærni, tilfinningagreind, þrautseigu og heilbrigðum lífsstíl. Mikilvægt er að sporna við þeim óraunhæfu kröfum sem gerðar eru

til stráka og stelpna og ávallt þarf að hafa í huga að börn og ungmenni eru hluti af stærra mengi sem skoða þarf heildrænt.

28. október 2013

Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Mannréttindastofu Reykjavíkurborgar, fjallaði um staðalmyndir og jafnrétti og reifaði jafnframt sjónarmið Mannréttindaskrifstofunnar gagnvart viðfangsefnum starfshópsins.

Jafnrétti kynjanna og jafnréttisfræðsla er eitt verkefna Mannréttindaskrifstofu enda kveður mannréttindastefna borgarinnar á um að vinna beri gegn allri mismunun. Halldóra fór yfir áherslur Mannréttindaskrifstofu síðastliðin ár og reifaði sína reynslu af eflingu jafnréttis- og kynjafræðslu í skólum. Halldóra telur afar mikilvægt að jafnréttis- og kynjafræðsla verði hluti af skyldunámi kennara á báðum skólastigum og reynsla hennar er sú að ekki sé nóg að búa til gott námsefni um jafnrétti, eftirfylgd og hagnýtar leiðir og aðferðir í kennslu skipta miklu máli.

25. nóvember 2013

Diljá Ámundadóttir, varaborgarfulltrúi og formaður starfshóps sem endurskoðaði Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Hugtakið forvarnir er í nýrri endurskoðaðri *Forvarnarstefnu* ekki eingöngu bundið við vímuefni, heldur einnig sterkri sjálfsmynd. Síðastliðinn árangur hefur aðaláherslan verið á forvarnir barna og unglunga 16 ára og yngri og árangur er góður. Í nýrri *Forvarnarstefnu* er lögð áhersla á fjögur yfirmarkmið:

- 1) Sterk sjálfsmynd: Líkamsvirðing, sjálfsvitund, líkamsvitund og sjálfsvirðing.
- 2) „Núll þolinmæði“ fyrir ofbeldi: Samfélag án ofbeldis - áhersla lögð á að vinna gegn hverskonar ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi - sem og einelti.
- 3) Æska án vímuefna: Áhersla lögð á að sporna gegn hvers kyns vímuefnaneyslu
- 4) Virkni og þátttaka: Áhersla lögð á að virkja öll börn.

Í vinnu starfshóps um endurskoðun *Forvarnarstefnu* var lögð áhersla á mikilvægi grasrótar, að hugmyndir sem fara út fyrir rammann nái hljómgrunni, að hvert ár leggi borgin áherslu á eitt ákveðið þema í stefnunni og að aðgerðaáætlanir verði aldursbundnar.

9. desember 2013

Ingibjörg Eyfells, leikskólastjóri í Geislabaugi, fjallaði um jafnréttisáætlun leikskólans og jafnréttisuppeldi í leikskólanum síðustu þrjú ár.

Á Geislabaugi er lögð áhersla á að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi jafnréttisuppeldis og að kynin fái jöfn tækifæri til náms í leikskólanum. Við innleiðingu jafnréttisverkefnisins voru skráningar mikið nýttar, þemavikur voru mánaðarlega þar sem jafnréttistengd verkefni voru unnin, námsefni var skoðað með jafnréttisglæraugum, og fræðsla frá utanaðkomandi fyrirlesurum. Á liðnum misserum hafa kennarar leikskólans orðið æ meðvitaðri um viðfangsefnið en erfiðara hefur verið að ná til

foreldra. Á heimilunum eru gjarnan hugmyndir um staðalmyndir (meðvitað eða ómeðvitað) treystar í sessi. Jákvætt er þó að foreldrar hafa sýnt mikinn áhuga á þessum áherslum leikskólans og vilja gjarnan taka þátt í fræðslunni. Haustið 2014 er von á lokaskýrslu verkefnisins.

16. desember 2013

Hulda Þórisdóttir, lektor í stjórnmálafræði við HÍ, Ph.D. flutti erindið: Skynjum við hæfi kvenna öðruvísi en hæfi karla? - hvernig staðalmyndir hafa áhrif á mat okkar og hegðun.

Erindi Huldu fjallaði um sálfræði staðalmynda og þá staðreynd að kyn hefur alls staðar áhrif, (þ.e. þar sem það er gefið upp eða kemur fram). Rannsóknir hafa sýnt fram á mun á framkomu við karla eða konur, t.d. við frammistöðumat, starfsviðtöl og ráðningar. Vanmat kvenna byggir fyrst og fremst á staðalmyndum – og konur jafnt sem karlar byggja skoðanir sínar á staðalmyndum. Hulda fjallaði um ólíkar hliðar sálfræði staðalmyndanna, t.d. félagsmótun og hlutgervingu kvenna sem hefur áhrif á ýmsa andlega kvilla og sjúkdóma, hvernig reiði er litin ólíkum augum eftir því hvort kona eða karl reiðist, viðhorf til stjórnenda eftir kyni og margt fleira.

Hvað sem líður góðri stöðu Íslands í jafnréttismálum almennt eru staðalmyndir kynja vel þekktar. Til dæmis er atvinnuþátttaka á Íslandi meiri en í Bandaríkjunum en þó eru ekki hlutfallslega fleiri konur í stjórnunarstöðu hér á landi. Mikilvægast er að byggja mat á eins hlutlægum lýsingum og upplýsingum og hægt er: Því meira svigrúm til að draga ályktanir, því líklegra er að staðalmyndir hafi áhrif og spili stærra hlutverk.

Sif Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við HÍ, dósent í félags- og mannvísindadeild fjallaði um kynjað náms- og starfsval.

Í erindi Sifjar kom fram að vinnumarkaðurinn er mjög kynskiptur og óskýrður kynbundinn launamunur er til staðar. Konur sækja enn í hefðbundin kvennastörf en sækja þó sífellt meira í hefðbundin karlastörf - karlar sækja síður í kvennastörf. Kynin búa þannig yfir vannýttum hæfileikum. Samfélagslegar hindranir eru miklar, kynjahlutverk og mótun staðalmynda byrjar strax við fæðingu og stelpur og strákar fá ólík skilaboð. Í skólakerfinu er kynbundin félagsmótun; strákar fá meiri tíma, athygli, hrós og hvað þá varðar er lögð meiri áhersla á ólíka eiginleika. Stelpur upplifa meiri kröfur og oft að þær séu ekki nægilega góðar. Konur upplifa snemma togstreitu milli starfsferils og fjölskyldu og virðast gera sér grein fyrir því mjög ungar að þær þurfi að sinna bæði vinnu og heimili.

Í erindi Sifjar kom fram að hindranir í starfs- og námsvali eru hugarfarslegar; Sjálfsmat, væntingar um árangur og mat á eigin færni. Hvatarnir eru margvíslegir og þeir þættir sem ýta undir að konur geti átt ánægjulegan og árangursríkan starfsferil eru: Stéttarstaða, menntun foreldra, vinna móður, frjálslyndar hugmyndir um kynhlutverk, sterk sjálfsmynd og hvatning fjölskyldu.

Viðauki 2 – Heildarniðurstöður mats á tilraunaverkefni

Þátttaka

Spurningalisti til barnanna um staðalmyndir kynjanna var unninn í samvinnu Jafnréttisskólans við tölfraði og rannsóknþjónustu skóla –og frístundasviðs. Könnunin var lögð fyrir á pappír á skólatíma, oftast að viðstöddu starfsfólki skóla – og frístundasviðs.

Könnunin var lögð fyrir 5. – 7. bekkina í 4 skólum borgarinnar í apríl 2014. Í þremur skólanna höfðu börnin fyrr á skólaárinu fengið fræðslu um kynjahlutverk og staðalmyndir kynjanna. Þessir skólar kallast *tilraunaskólar* í skýrslunni. Fjórði skólinn fékk ekki slíka fræðslu og kallast *samanburðarskóli* í skýrslunni. Allir skólarnir fjórir eru staðsettir í eldri hlutum borgarinnar.

Misjafnt var á milli tilraunaskólanna hvaða árgangar höfðu fengið fræðslu. Þannig náði í einum tilraunaskólanna fræðslan til 5. bekkina, í öðrum til 6. bekkina og í þeim þriðja til 6. og 7. bekkina. Um 82% barnanna í tilraunaskólunum svöruðu könnuninni. Könnunin var lögð fyrir alla þrjá árgangana í samanburðarskólanum og svöruðu um 92% könnuninni.

Í töflu 2.1. sést skipting svarenda eftir því hvort þeir eru í einum tilraunaskólanna eða í samanburðarskólanum en mjög jafnt var í hópnum tveimur. Hvað árgangana þrjá varðar sem þátt tóku í könnuninni eru flest börnin í 6. bekk en fæst í 5. bekk. Mestur munur á tilraunaskólunum og samanburðarskólanum hvað varðar stærð hópa er í 6. bekk en það er eini árgangurinn þar sem boðið var upp á fræðslu í tveimur skólum.

Nánast sami fjöldi stelpna og drengja tók þátt í könnuninni eins og sést í töflu 2.2. Kynjaskiptingin er hinsvegar ójafnari eftir því hvort um er að ræða börn sem eru í tilraunaskólunum eða samanburðarskólanum. Minnihluti svarenda í tilraunaskólunum eða 45% eru stelpur en meirihluti svarenda í samanburðarskólanum eða 56%. Þetta sést í töflu 2.3.

Tafla 2.1. Skiptinga svarenda eftir skólum

	Fjöldi			
Skólar	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	Samtals
Tilraunaskólar	31	82	39	152
Samanburðarskóli	45	44	55	144
Samtals	76	126	94	296

Tafla 2.2. Skipting svarenda eftir kyni

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Stelpur	149	50%
Drengir	147	50%
Samtals	296	100%


Tafla 2.3. Skiptinga svarenda eftir skólum og kyni.

	Stelpa	Strákur	Samtals
Tilraunaskólar	45%	55%	100%
Samanburðarskóli	56%	44%	100%

Töskuspurningar


Um 60% svarenda finnst ólíklegt að þeir myndu segja góðum strákavin sínum að bleik skólataska sem hann væri með, væri meira fyrir stúlkur. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 2.1. Töluverður munur er hinsvegar á svörum barna eftir annarsvegar skólum og hinsvegar kyni og er munurinn í báðum tilvikum marktækur. Þannig eru hlutfallslega töluvert fleiri börn í tilraunaskólunum en í samanburðarskólanum sem finnst þetta ólíklegt og töluvert fleiri stelpum en stráku.

Mynd 2.1. Góður vinur þinn (strákur) mætir með bleika skólatösku með blómamunstri í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir honum að þessi taska sé meira fyrir stelpur?



Um 73% svarenda finnst ólíklegt að þeir myndu segja góðri vinkonu að svört Star Wars skólataska sem hún væri með, væri meira fyrir stráka. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 2.2. Áftur er nokkur á svörum barna eftir skólum, fleiri börnum í tilraunaskólunum finnst þetta ólíklegt miðað við börn í samanburðarskólanum og er munurinn marktækur. Hér er hinsvegar nánast enginn munur á kynjunum.


Mynd 2.2. Góð vinkona þín mætir með svarta Star Wars skólatösku í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir henni að þessi taska sé meira fyrir stráka?



Kynin og heimilisstörf


Um 69% barnanna finnst að karl og kona sem búi saman og eru bæði útvinnandi eigi til jafns að þvo fötin á heimilinu eins og sést á mynd 2.3. Um 30% finnst hinsvegar að það eigi *alltaf* eða *frekar* að vera konan. Sáráfaum finnst að það eigi *alltaf* eða *frekar* að vera karlinn. Börn í tilraunaskólum finnst frekar að kynin eigi að skipta þvottinum til jafns miðað við börn í samanburðarskólanum og stelpum finnst það hið sama frekar en stráku. Munurinn á kynjunum er marktækur

Mynd 2.3. Hvernig finnst þér að þú og þessi karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Þvo fötin.




Þrír af hverjum fjórum finnst að kynin eigi til jafns að elda matinn líkt og sést á mynd 2.4. Þá eru álíka stórir hópar sem finnst að konan ætti *alltaf* eða *frekar* að elda matinn og að karlinn ætti *alltaf* eða *frekar* að elda matinn. Börn í tilraunaskólum finnst oftast að kynin eigi að elda matinn til jafns miðað við börn í samanburðarskólanum og það sama á við um stelpurnar gagnvart stráku.

Mynd 2.4. Hvernig finnst þér að þú og þessi karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Elda matinn.




Um einn af hverjum þremur finnst að kynin eigi til jafns að sjá um framkvæmdir á heimilinu eins og að festa upp hillur eða ljós (mynd 2.5.). Rúmlega 60% barnanna finnst að karlinn eigi *alltaf* eða *frekar* að sjá um slíkt. Börn í tilraunaskólunum finnst oftast en börnum í samanburðarskólunum að kynin eigi að sjá um þessa tegund framkvæmda til jafns og er munurinn marktækur. Lítil munur er á svörum stelpna og stráka.

Mynd 2.5. Hvernig finnst þér að þú og þín samningur, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Framkvæmdir, t.d. að festa upp hillur eða ljós.




Yfir 70% barnanna finnst að kynin eigi að skipta því til jafns að vakna til að sinna ungbörnum á nóttunni (mynd 2.6). Um fjórðungi finnst hinsvegar að konan ætti *alltaf* eða *frekar* að sjá um slíkt. Fleiri börnum í tilraunaskólunum finnst að kynin eigi að sinna ungbörnum á nóttunni til jafns en börn í samanburðarskólunum og er munurinn marktækur. Lítil munur er á svörum kynjanna.

Mynd 2.6 Hvernig finnst þér að þú og þín samningur, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Vakna til að sinna ungbörnum á nóttunni.




Innan við helmingi barnanna finnst að kynin eigi að skipta því til jafns að hafa umsjón með bílnum eins og t.d. viðgerðir og að bóna hann (mynd 2.7). Rúmlega helmingi barnanna finnst að karlinn eigi *alltaf* eða *frekar* að sjá um slíkt. Mikið fleiri börn í tilraunaskólunum finnst að kynin eigi að hafa umsjón með bílnum til jafns miðað við börn í samanburðarskólanum og er munurinn marktækur. Lítil munur er hinsvegar á svörum kynjanna.

Mynd 2.7. Hvernig finnst þér að þú og þínir vinir, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Umsjón með bílnum, t.d. viðgerðir og bón.




Yfir 70% svarenda finnst að kynin eigi að skipta því til jafns að þrifa íbúðina (mynd 2.8). Um fjórðungi finnst þó að konan eigi *alltaf* eða *frekar* að sjá um þriffin. Börnum í tilraunaskólunum finnst frekar að kynin eigi að gera þetta að jöfn miðað við börn í samanburðarskólanum og er munurinn marktækur. Lítil munur er á svörum stelpna og stráka.

Mynd 2.8. Hvernig finnst þér að þú og þínir vinir, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Þrifa íbúðina.



Langflestum börnunum finnst að kynin eigi að skipta því til jafns að fara á foreldrafundi (mynd 2.9). Þó eru 11% sem finnst að konan eigi *alltaf* eða *frekar* að fara á fundina. Lítil munur var á svörum hópa í spurningunni.


Mynd 2.9. Hvernig finnst þér að þú og samningurinn, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu? Þau eru bæði útvinnandi. Fara á foreldrafundi.



Kynin og staðalmyndir


Um 95% barnanna eru *mjög* eða *frekar sammála* því að stelpur geti orðið mjög góðar í fótbolta (mynd 2.10). Fleiri börn í tilraunaskólunum eru *mjög sammála* fullyrðingunni miðað við börn í samanburðarskólanum en enn meiri munur er á kynjunum hvað fullyrðinguna varðar. Langflestar stelpurnar eru *mjög sammála* því að stelpur geti orðið mjög góðar í fótbolta en um 66% stráka. Munurinn á svörum kynjanna er hér marktækur.

Mynd 2.10. Stelpur geta orðið mjög góðar í fótbolta.




Líkt og með fótboltagetu stelpna eru nánast allir *mjög* eða *frekar sammála* því að strákar geti orðið mjög góðir í fótbolta, fleiri eru þó *mjög sammála* fullyrðingunni miðað við fullyrðinguna um fótboltagetu stelpna (mynd 2.11). Nánast enginn munur er á milli skóla í fullyrðingunni en fleiri stelpur en strákar eru henni *mjög sammála*. Sá munur er þó ekki marktækur.

Mynd 2.11. Strákar geta orðið mjög góðar í fótbolta.




Nánast allir eru *mjög* eða *frekar sammála* því að stelpur geti orðið mjög góðar í að þrjá og lítill munur á milli hópa líkt og sjá má á mynd 2.12. Hér eru þó fleiri börn í samanburðarskólanum sem eru *mjög sammála* fullyrðingunni miðað við börn í tilraunaskólunum.

Mynd 2.12. Stelpur geta orðið mjög góðar í að þrjá.




Þótt langflestir séu á því að að strákar geti orðið mjög góðir í að þrjóna eru mikið færri börn sem eru fullyrðingunni *mjög sammála* miðað við fullyrðinguna um þrjónagetu stelpna (mynd 2.13). Fleiri börn í tilraunaskólunum eru fullyrðingunni *mjög sammála* miðað við samanburðarskólann og einnig eru fleiri stelpur sammála henni en strákar. Í báðum tilvikum er marktækur munur á milli hópanna.

Mynd 2.13. Strákar geta orðið mjög góðir í að þrjóna.




Langflestir eru *mjög* eða *frekar sammála* því að eðlilegt sé að stelpur hugsi mikið um útlitið (mynd 2.14). Mun fleiri eru þó *mjög sammála* fullyrðingunni í samanburðarskólanum en í tilraunaskólunum og er munurinn marktækur. Lítil munur er á svörum kynjanna.

Mynd 2.14. Það er eðlilegt að stelpur hugsi mikið um útlitið.




Töluvert færri börn eru *mjög* eða *frekar sammála* því að eðlilegt sé að strákar hugsi mikið um útlitið miðað við að stelpur hugsi mikið um útlitið (mynd 2.15). Yfir 60% eru þó fullyrðingunni sammála og er lítill munur á svörum hópanna.

Mynd 2.15. Það er eðlilegt að strákar hugsi mikið um útlitið.




Langflestir eru *mjög* eða *frekar sammála* því að stelpur gráti eins og sjá má á mynd 2.16. Lítil munur er á milli skólanna en meiri á milli kynjanna á þann veginn að fleiri stelpur eru henni sammála en strákar. Munurinn er þó ekki marktækur.

Mynd 2.16. Það er eðlilegt að stelpur gráti.



Þótt yfirgnæfandi meirihluta svarenda séu einnig *mjög* eða *frekar sammála* fullyrðingunni að eðlilegt sé að strákar gráti, þá eru færri fullyrðingunni sammála miðað við fullyrðinguna um grátur stelpna (mynd 2.17). Fleiri börn í tilraunaskólum eru fullyrðingunni *mjög sammála* miðað við börn í samanburðarskólanum og einnig eru fleiri stelpur henni *mjög sammála* miðað við drengi. Í hvorugu tilviki er munurinn þó marktækur.


Mynd 2.17. Það er eðlilegt að strákar gráti.



Kynin og atvinnulífið


Um 58% barnanna telja kvenkyns og karlkyns flugmenn jafn góð í að fljúga stórum þotum (mynd 2.18). Rúmlega einn af hverjum fimm finnst hinsvegar karlkyns flugmenn betri í slíku en aðeins 2% að kvenkyns flugmenn séu betri í að fljúga stórum þotum. Marktækur munur er hér á skólunum en töluvert fleiri börn í tilraunaskólunum finnst kynin jafn góð í að fljúga stórum þotum miðað við börn í samanburðarskólanum. Fleiri stelpum en strákum finnst hið sama.

Mynd 2.18. Hvort telur þú kvenkyns eða karlkyns flugmenn betri í að fljúga stórum þotum?




Líkt og með flugstjórastarfið þá eru 58% barnanna þeirrar skoðunar að kvenkyns og karlkyns hjúkrunarfræðinga séu jafn góð í að sinna eldra fólki (mynd 2.19). Myndin snýst hinsvegar við í þeim tilvikum sem börnin velja eitt kynið fram yfir hitt. Hér telur næstum þriðjungur að kvenkyns hjúkrunarfræðingar séu betri í að sinna eldri fólki en aðeins 1% telur að karlkyns hjúkrunarfræðingar væru betri í slíku. Mun fleiri börn í tilraunaskólunum eru þeirrar skoðunar að kynin séu jafn vel til þess fallin að sinna eldra fólki miðað við börn í samanburðarskólanum og er munurinn marktækur. Fleiri stelpur en strákar líta svo á að kynin geti leyst verkefnið jafn vel af hendi.

Mynd 2.19. Hvort telur þú kvenkyns eða karlkyns hjúkrunarfræðinga betri í að sinna eldra fólki?



Ríflega þrír af hverjum fjórum finnst konur og karlar jafn góð að stjórna fyrirtækjum (mynd 2.20). Um 13% finnst karlar betri en um 3% konur betri að stjórna fyrirtækjum. Fleiri börn í tilraunaskólunum finnst kynin jafn góð í að stjórna fyrirtækjum en börn í samanburðarskólanum og fleiri stelpum finnst hið sama samanborið við stráka og er munurinn á milli svara kynjanna marktækur.

Mynd 2.20. Hvort telur þú konur eða karla betri í að stjórna fyrirtækjum?



Samantekt

- Í langflestum spurninganna eru svör barna í tilraunaskólunum minna undir áhrifum hefðbundinna staðalmynda kynjanna miðað við svör barna í samanburðarskólanum og í rúmum helmingi spurninganna er munurinn marktækur.
- Í flestum spurninganna eru svör stelpna minna undir áhrifum hefðbundinna staðalmynda kynjanna miðað við svör drengja og í nokkrum tilvikum er munurinn marktækur.
- Í ljósi þess að svör stelpna eru minna undir áhrifum hefðbundinna staðalmynda en drengja er munurinn á svörum barna í tilraunaskólunum annarsvegar og samanburðarskólanum enn athyglisverðari, því hlutfallsega eru færri stúlkur í tilraunaskólunum miðað við samanburðarskólann.
- Að meðaltali er mestur munur á skólunum í töskuspurningunum og spurningum er varða heimilisstörf annarsvegar og atvinnulífið hinsvegar. Minni munur er á skólunum í spurningum um staðalmyndir þótt hann sé töluverður.
- Að meðaltali er mestur munur á kynjunum í spurningum um staðalmyndir (myndir 2.10-2.17).

Viðauki 3 – Spurningalisti vegna mats á tilraunaverkefni

Könnun til nemenda í 5. – 7. bekk

Ertu stelpa eða strákur?

Stelpa ☐

Strákur ☐

Í hvaða skóla ertu?

Austurbæjarskóla ☐

Háaleitisskóla ☐

Háteigsskóla ☐

Hlíðaskóla ☐

Í hvaða bekk ertu?

5. bekk ☐

6. bekk ☐

7. bekk ☐

Góður vinur þinn (strákur) mætir með bleika skólatösku með blómamunstri í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir honum að þessi taska sé meira fyrir stelpur?

Ólíklegt ☐

Líklegt ☐

Veit ekki ☐

Góð vinkona þín mætir með svarta Star Wars skólatösku í skólann. Er líklegt eða ólíklegt að þú segir henni að þessi taska sé meira fyrir stráka?

Ólíklegt ☐

Líklegt ☐

Veit ekki ☐

Hvernig finnst þér að þar sem býr saman, karl og kona, ættu að skipta á milli sín verkum á heimilinu. Þau eru bæði útvinnandi (með vinnu). Vinsamlega merktu með einum krossi í hverja línu.

	Alltaf konan	Frekar konan	Jafnt	Frekar karlinn	Alltaf karlinn
Þvo fötin	☐	☐	☐	☐	☐
Elda matinn	☐	☐	☐	☐	☐
Framkvæmdir, t.d. að festa upp hillur eða ljós	☐	☐	☐	☐	☐
Vakna til að sinna ungabörnum á nóttunni	☐	☐	☐	☐	☐
Umsjón með bílnum, t.d. viðgerðir og bón	☐	☐	☐	☐	☐
Þrifa íbúðina	☐	☐	☐	☐	☐
Fara á foreldrafundi	☐	☐	☐	☐	☐

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Stelpur geta orðið mjög góðar í fótbolta	☐	☐	☐	☐	☐
Strákar geta orðið mjög góðir í fótbolta	☐	☐	☐	☐	☐
Stelpur geta orðið mjög góðar í að þrjóna	☐	☐	☐	☐	☐
Strákar geta orðið mjög góðir í að þrjóna	☐	☐	☐	☐	☐
Það er eðlilegt að stelpur hugsi mikið um útlitið	☐	☐	☐	☐	☐
Það er eðlilegt að strákar hugsi mikið um útlitið	☐	☐	☐	☐	☐
Það er eðlilegt að stelpur gráti	☐	☐	☐	☐	☐
Það er eðlilegt að strákar gráti	☐	☐	☐	☐	☐

Hvort telur þú kvenkyns eða karlkyns flugmenn betri í að fljúga stórum þotum?

- Kvenkyns flugmenn ☐
- Jafn góð ☐
- Karlkyns flugmenn ☐
- Veit ekki ☐

Hvort telur þú kvenkyns eða karlkyns hjúkrunarfræðinga betri í að sinna eldra fólki.

- Kvenkyns hjúkrunarfræðingar ☐
- Jafn góð ☐
- Karlkyns hjúkrunarfræðingar ☐
- Veit ekki ☐

Hvort telur þú konur eða karla betri í að stjórna fyrirtækjum?

- Konur ☐
- Jafn góð ☐
- Karlar ☐
- Veit ekki ☐

Takk kærlega fyrir þátttökuna!